

V/1.8

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn		Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík 4. apríl 2003, kl. 13.15			
Sakarefni: Ætluð umboðssvik, brot á 104. gr. hlutafélagalaga, bókhaldslögum og lögum um ársreikninga.			
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson		Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Fv. aðstoðarforstjóri og forstjóri Baugs Group hf.		Vinnusími: 590 5500 / 691 8888	
Lögheimili: Vesturhús 22, 112 Reykjavík		Sími: 567 6363	
Dvalarstaður:		Sími:	

Tryggva er kynnt að verið sé að rannsaka grun um ólögmetar lánveitingar af hálfu stjórnenda Baugs hf., bæði sem snúa að almennum lánveitingum og lánveitingum til hlutafjárkaupa í félaginu.

Rannsóknin í heild beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik skv. ákvæðum gr. almennra hegningarlaga og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Rannsóknin í heild beinist einnig að því að upplýsa hvort framin hafi verið brot á 36. og 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, svo og ákvæði reglugerðar nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Sakarefni sem að Hreinn beinast hafa verið skýrð fyrir honum, sbr. það sem fram kemur í "haus" skýrslunnar.

Með Tryggva er skipaður verjandi hans, Andri Árnason, hrl.

Tryggva er kynnt að honum sé ekki skylt að svara spurningum um eigið sakarefni en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta.

Tryggvi óskar að taka eftirfarandi fram í upphafi:

Tryggvi Jónsson leggur fram minnisblað ásamt afriti af tölvupóstum úr tölvu sinni sem hafði verið til skoðunar hjá lögreglu en tölvupóstar þessir varða ýmis samskipti Baugs og Nordica og Jóns Gerald. Tryggvi vekur athygli á því að í þessum tölvupóstum komi fram hin sérstöku samskipti milli Nordica og Baugs sem m.a. lýsir sér í því að hann hafi ekki litið á Jón Gerald/Nordica sem venjulegan birgja gagnvart Baugi heldur hafi hann litið þannig á að Baugur hefði haft mikil afskipti af rekstri Nordica. Þarna komi fram m.a. bein afskipti Baugs af rekstri og rekstarafkomu Nordica og upplýsingar um afkomu Nordica og Jóns Gerald persónulega. Að öðru leyti vísar Tryggvi í fyrri framburði sína hvað þetta varðar. Einnig komi fram í tölvupóstunum umræður um vörutjón vegna Nordica sem Baugur hafi áætlað um 60 milljónir IKR. Einnig vísar Tryggvi til framlagðra tölvupósta varðandi tilkynntar verðhækkningar á aðföngum til Baugs og ráðstafana sem gerðar voru og nefndar "Viðnám gegn verðbólgu".

Tryggvi leyfir sér að gera athugasemd við orðalag spurninga rannsóknara gagnvart tilteknum stjórnarmönnum í Baugi þar sem vísað var til þess að Tryggvi hefði við yfirheyrslu hinn 28. febrúar sl.



játað að hafa verið kunnugt um að greiðslur Baugs til Nordica hefðu runnið í bátinn Thee Viking. Telur hann að orðalag þessara spurninga, með vísan til framburðar síns, hafi verið ónákvæmt og villandi.

Athugasemdir vegna yfirheyrslu 2. apríl sl. vegna American Express-kreditkorts:

Fram kom í yfirheyrslu að Gaumur hefði greitt kreditkortareikninga fram yfir mitt ár 2000 en frá/eftir þeim tíma hefði Nordica innheimt þá beint hjá Baugi. Við yfirheyrslu mundi Tryggvi ekki eftir þessu fyrirkomulagi þ.e.a.s. að Gaumur, en ekki Baugur, hafi greitt fram til þessa tíma. Þá vill Tryggvi taka fram að við nánari athugun eftir yfirheyrsluna hafi það rifjast upp fyrir sér að kreditkortanotkun á AMEX kortinu út árið 2000 hafi verið gerð upp gagnvart Baugi með uppgjöri milli Baugs og Gaums sem fram fór vegna ársins 2000. Þetta hafi m.a. komið fram í gögnum sem Jón Ásgeir Jóhannesson lagði fyrir rannsóknara.

Varðandi greiðslu með kreditkortinu fyrir sláttuvélatraktor vill Tryggvi taka fram að um það hafi verið samið í viðurvist Jóhannesar Jónssonar að Jón Gerald mundi reikningsfæra umræddan traktor ásamt fylgihlutum til Aðfanga en ætti ekki að fara á uppgjör vegna AMEX korts. Í framhaldi af því hefði Aðföng átt að láta viðskiptafæra þetta gagnvart Tryggva. Tryggvi hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrr en við yfirheyrslu að umrædd krafa hafi verið greidd sem ferðakostnaður ofl. og það hafi ekki verið í samræmi við ráðagerðir sínar hér að lútandi. Vísar Tryggvi til vitneskju til Lárusar Óskarssonar og Einars Þórissonar um það hvernig þessu hafi átt að vera háttað. Leggur Tryggvi fram reikning Nordica til Aðfanga dags. 4. apríl 2001. Reikningurinn sé því í raun tvígreiddur.

Varðandi kaup á geisladiskum vill Tryggvi taka fram að geisladiskar þeir sem keyptir voru í London í tengslum við vinnuferð forsvarsmanna Baugs vegna Arcadiamálsins (í ágúst og nóvember 2001) eiga að vera í vörslum Baugs í íbúð sem Baugur er með til umráða og hagnýtt er í tengslum við starfsemi Baugs í Bretlandi.

Lánveitingar til starfsmanna, framkvæmdastjóra, eigenda og hluthafa:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir yfirstjórn og framkvæmdastjórn Baugs.

Tryggvi segir að fyrir utan stjórn hlutafélagsins hafi verið yfirstjórn sem stóð saman af stjórnarformanni, forstjóra og aðstoðarforstjóra. Framkvæmdastjórar matvörusviðs og sérvörusviðs, Jón Björnsson og Jón Scheving hafi síðan, ásamt yfirstjórninni myndað framkvæmdastjórn og þegar Jóhanna Waagfjörð kom til starfa sem fjármálastjóri hafi hún komið inn í framkvæmdastjórnina.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir hlutverki yfirstjórnar og framkvæmdastjórnar.

Hann segir að yfirstjórnin hafi ekki haft neitt formlegt hlutverk heldur hafi þeir hist til að ræða ýmsi mál sem og raunar hafi framkvæmdastjórnin ekki haft formlegt hlutverk heldur en þau hafi hist til þess að ræða fjárfestingar og það sem framundan var.

Tryggvi er spurður hvort yfirstjórn og framkvæmdastjórn hafi haldið fundargerðir eða skráð niður þau málefni sem til umræðu og ákvörðunar voru á þeirra fundum.

Hann segir að það hafi verið skráð á framkvæmdastjórafundum. Hann segist minna að Unnur, ritari, hafi setið fundi og ritað fundargerðir framkvæmdastjórnar.



Voru teknar ákvarðanir um lánveitingar til stjórnenda á fundum yfir- eða framkvæmdastjórnar eða komu þau mál til umfjöllunar á þeim fundum.

Hann segist ekki halda það.

Almennt um færslur í bókhaldi Baugs hf.:

Frammi liggur greinargerð löggiltra endurskoðenda efnahagsbrotadeildar, Sifjar Einarsdóttur og Sigurðar H. Steindórsonar og þau gögn sem greinargerðin byggist á og vísað er til þar, s.s. sundurliðunarlistar og fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs Group hf.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir því hvað var fært á bókhaldslykil #67910 "Lán til framkvæmdastjóra" honum kynntur kafli 1 í skýrslu endurskoðenda RLS.

Tryggvi segir að af hans frumkvæði hafi verið ákveðið að starfsmönnum hafi verið veitt lán til kaupa á bílum í stað þess að útvega þeim bílana. Þetta töldu stjórnendur vera fyrirtækinu til hagsbóta.

Hann er þá spurður hvort allar færslur á þennan lykil séu bílalan.

Hann segir að þau bílalan sem hann samdi um við starfsmenn hafi verið færð á þennan lykil en hann sjái á þeim lista sem honum er kynntur sem á eru 20 einstaklingar séu þrjú nöfn sem eru með hærri lán en þau sem starfsmenn fengu (á bílinu 1.5 til 1.8 milljónir) og segist vita að þeir þrír hafi verið á fyrirtækjabílum þannig að færslur vegna þeirra séu ekki lán til bílakaupa. Þessi þrjú nöfn eru: Árni Pétur Jónsson, Jón Björnsson og Jón Scheving.

Svo virðist sem lánsfjárhæðirnar hafi staðið vaxtalausar inni á viðskiptareikningunum. Tryggvi er spurður hvort svo sé og beðinn að gera nánari grein fyrir framkvæmd lánveitinganna.

Hann segir að það sé rétt, um hafi verið að ræða vaxtalaus lán til starfsmannanna sem þeir áttu að endurgreiða þegar þeir létu af störfum eða þegar bíllinn var seldur. Tryggvi segir að það hafi ávallt verið meiningin að þessi lán færu á skuldabréf með veði í bílnum sem átti að greiðast upp í einu lagi við sölu bílsins eða við starfslok viðkomandi. Það hafi hins vegar ekki komist í verk að ganga pappírlega frá þessu gagnvart starfsmönnum.

Hvaða tryggingar hafði Baugur hf. fyrir endurgreiðslum þessara lána.

Hann segir engar tryggingar hafa verið þar sem ekki komst í verk að ganga skjállega frá lánunum.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir því hvaða lán söfnuðust á bókhaldslykil #74310 "Eigendur og stjórnendur - safn".

Hann segist ekki geta skýrt það og þurfi að skoða undirgögn til þess að komast að því.

Reglur og framkvæmd lánveitinga til hluthafa, framkvæmdastjóra og stjórnenda Baugs hf.:

Hann er spurður hvaða reglur hafi gilt hjá Baugi varðandi lán til starfsmanna vegna bílakaupa, þ.m.t. framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.

Hann segir að ekki hafi verið í gildi neinar reglur varðandi lánveitingar til eigenda eða starfsmanna félagsins.

Frammi liggur bréf Stefáns Hilmarssonar, ytri endurskoðanda Baugs hf., dags. 18. desember 2000 til Tryggva Jónssonar, aðstoðarforstjóra Baugs hf.:

“Endurskoðun á rekstrarkostnaði aðalskrifstofu Baugs vegna ársins 2000.”

Í kafla 4 um “Lán til starfsmanna” á bls. 4 kemur eftirfarandi fram:

“Samkvæmt bókhaldslyklinum 67910 – lán til framkvæmdastjóra – hefur félagið lánað nokkrum starfsmönnum sínum samtals um 13,0 millj. kr. Fylgiskjöl sem liggja til grundvallar færslunum eru annað hvort í formi tölvupósts eða handskrifaðra blaða. Í sumum tilfellum liggur ekki fyrir hver hefur samþykkt lánveitinguna. Í engu tilvikanna kemur fram hvenær starfsmaðurinn eigi að endurgreiða lánið eða hvort honum beri að greiða vexti af láninu. Jafnframt eru dæmi um að lánin séu umfram útborguð laun starfsmannsins á uppsagnarfrestinum. Æskilegt væri að félagið setti reglur um framangreint.”

Einnig liggur frammi greinargerð endurskoðanda Baugs, Stefáns Hilmarssonar dags. 17. maí 2002 en hún mun hafa verið kynnt stjórn á stjórnarfundi þann 23. maí 2002. Í kafla 2 í greinargerðinni fjallar endurskoðandinn um kröfur á starfsmenn og bendir á að þann 31.12. 2001 séu þær samtals kr. 37.367.000. Jafnframt tekur hann fram að kröfurnar hafi ekki verið vaxtareiknaðar og endurgreiðslutími liggja ekki fyrir.

Athugun á bókhaldi Baugs hf. sýnir að engin breyting hefur orðið á frágangi þessara lánveitinga þrátt fyrir athugasemdir endurskoðandans. Svo virðist sem staða þessara mála hafi verið óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfi félagsins afritað.

Tryggvi er spurður hvers vegna ekki hafi verið búið að lagfæra þessi mál.

Hann segir að það hafi alltaf staðið til að bæta úr þessu en ekki komist í verk. Hann segir að fyrirtækið hafi verið að þenjast mjög út á þessum tíma og menn metið málin þannig að önnur verkefni hafi verið meira aðkallandi en þetta.

Tryggvi er spurður um það sem fram kemur í skýrslu endurskoðandans:

“Fjármálastjóri félagsins hefur að undanförnu unnið að uppgjöri á kröfunum og að þær verði settar á skuldabréf sem seld verði í banka.”

Hann segir að hér sé því lýst sem til stóð en ekki síðan verið búið að framkvæma það.

Tryggvi er spurður hvers vegna endurskoðandinn minnst ekki, í bréfi sínu þann 17. maí 2002, á kröfur á eigendur og stjórnendur, sem fram koma á lykli #74310.

Hann segir að hann hafi ekki skýringar á því.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir reglum eða ákvörðunum um vaxtaútreikninga á endurgreiðslur lána sem bókuð hafa verið á fyrrgreindan bókhaldslykil #67910.

Hann segir að þegar samið hafi verið við starfsfólkið hafi því verið sagt að útbúið yrði skuldabréf til þriggja ára með veði í viðkomandi bíl. Lánið mundi síðan endurgreiðast með einni greiðslu við sölu bílsins eða við starfslok.

Tryggvi er spurður hver/hverjir hafi tekið ákvarðanir um lánveitingar sem færðar voru á #67910.



Hann segist hafa tekið ákvarðanir um bílalánin, sem honum sýnist vera allar færslur á listanum sem honum er sýndur utan fjögurra einstaklinga, sem hann nefndi fyrir.

Nú virðast a.m.k. sumir af þessum starfsmönnum hafa verið framkvæmdastjórar. Tryggvi er spurður hvort aldrei hafi komið til álita að um óheimilar lánveitingar skv. 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga væri að ræða.

Hann segir að það hafi aldrei komið til tals enda séu margir á listanum ekki framkvæmdastjórar. Aðrir framkvæmdastjórar eru það ekki í Baugi hf. heldur í deildum innan Baugs hf. Að auki segir Tryggvi að þessar lánveitingar séu hluti af þeirra starfskjörum.

Tryggvi er spurður hvort stjórn félagsins hafi verið kunnugt um þessi lán.

Það segist hann ekki halda.

Tryggvi er spurður hvort kaupendur hlutabréfa í Baugi hf. hafi fengið lán hjá Baugi til kaupanna.

Hann segir að í sumum tilfellum hafi það verið. Gerð hafi verið kaupréttaráætlun sem var kynnt á aðalfundi og samþykkt af ríkisskattstjóra. Í framhaldi af því gerðir kaupréttarsamningar við ýmsa starfsmenn, gefið út skuldabréf vegna lánanna en félagið hafði veð í hlutabréfunum sjálfum.

Hann er spurður hvort um hafi verið að ræða aðrar lánveitingar til hlutafjárkaupa en þær sem fóru skv. kaupréttaráætluninni og –samingunum og þeirri framkvæmd sem um þau gildi.

Hann segir að dæmi séu um það.

Hann er beðinn að gera nánari grein fyrir þeim tilvikum.

Hann segist muna eftir Gaumi ehf. og eigendum þess félags.

Tryggvi er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um að lána Gaumi ehf. og eigendum þess til hlutafjárkaupa.

Hann segir að engin sérstök ákvörðun hafi verið tekin um það. Þetta hafi gerst í framhaldi af hlutafjárukningu í lok ársins 2000 og skuldir þessara aðila vegna hlutafjárkaupa þeirra hafi verið færðar á viðskiptareikninga þeirra.

Tryggvi er þá spurður hvort aðrir en fyrrgreindir aðilar hafi fengið lán með þessum hætti.

Hann segist ekki muna eftir öðrum.

Nú er að sjá á bókhaldi Baugs að nokkrir aðilar hafi fengið lán til kaupa á hlutafé í félaginu. Hann er spurður hvað og hver hafi ráðið því hverjir fengu slík lán og hverjir hafi tekið ákvarðanir um að lána aðilum til hlutafjárkaupa í félaginu sjálfu.

Tryggvi segist ekki muna eftir öðrum aðilum en fyrrgreindum, sem fengu slík lán.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi tekið ákvörðun um að lána fyrrgreindum aðilum til hlutafjárkaupanna eða hvort hann hafi á einhvern hátt komið að þeirri ákvörðun.

Hann segist ekki muna til þess að hann hafi lánað neinum vegna hlutabréfakaupa, hvorki þessum aðilum né öðrum.



Hvers vegna voru kröfur á fyrrgeinda aðila vegna hlutafjárkaupa ekki innheimtar.

Tryggvi segir að inni á viðskiptareikningum þeirra hafi verið ýmsar kröfur og margvíslegar hreyfingar.

Tryggvi er spurður hvort þeim sem ákvarðanir tóku um að lána öðrum en starfsmönnum til kaupa á hlutafé hafi ekki verið kunnugt um að slíkt væri andstætt 104. gr. laga um hlutafélög.

Tryggvi segist telja að stjórnendur Baugs hf. hafi ekki talið að til greina kæmi að um brot á hlutafélagalögum væri að ræða. Hann segist telja að þegar þessi lán voru færð á viðskiptareikninga þessara aðila í upphafi hafi verið talið að sú ráðstöfun mundi vera um stuttan tíma. Síðan hafi tíminn einfaldlega liðið og ekki verið frá þessu gengið.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi aldrei gert athugasemdir eða rætt þessa stöðu við stjórnendur eða stjórn Baugs hf., og þá hver viðbrögðin hafi verið og hver niðurstaðan var.

Hann segir að almennt hafi hann ekki fylgst með stöðu eigenda á viðskiptareikningum og hafi talið að það væri ekki í hans verkahring að ganga á eftir forstjóra eða eigendum við félagið. Hins vegar segist hann minnst þess að hann hafi sent Jóni Ásgeiri tölvupóst varðandi 100 milljón kr. lán til Gaums, sem hann gerði athugasemdir við. Hann segist hafa fengið á því skýringar.

Tryggvi er spurður hvernig vextir hafi fallið á lánin við endurgreiðslur þeirra, sbr. 4. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög.

Hann segist ekki minnst þess að þetta hafi komið til skoðunar.

Tryggvi er spurður hver sé ástæða þess að lánveitingar til stjórnenda og hluthafa Baugs Group hf. hafi ekki verið getið í árs- og árshlutareikningum félagsins eða skýringum með ársreikningum.

Hann segir að hafi átt að geta þeirra og það ekki verið gert hljóti það að vera yfirsjón.

Tryggvi er spurður hvort honum hafi ekki verið ljóst hvort lánveitinga til framkvæmdastjóra, stjórnenda og hluthafa ætti að geta í ársreikningi.

Hann segir að honum hafi verið það ljóst.

Vissi hann ekki að slíkra lánveitinga væri ekki getið í ársreikningi Baugs hf.

Hann segist hafa talið að allar upplýsingar sem ættu að koma fram í ársreikningum væru þar og ekki rekist á að þetta vantaði.

Lánveitingar til einstakra stjórnenda Baugs Group hf.:

Óskar Magnússon, stjórnarformaður:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir láni og færslum á láni til Óskars Magnússonar að fjárhæð kr. 4.000.000 sem fært var á viðskiptareikning hans 31.12. 1999.

Hann segist ekki hafa komið að þessu máli og segist telja að þetta sé fært í tengslum við starfslokasamning sem Jón Ásgeir gerði við Óskar.

Hver/hverjir tóku ákvörðun um þessa lánveitingu?

Jón Ásgeir samdi við Óskar.

Jóhannes Jónsson, stjórnarmaður:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir láni til Jóhannesar að fjárhæð kr. 17.039.530 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Jóhannesar.

Hver/hverjir tóku ákvörðun um þessa lánveitingu?

Hann segist ekki muna eftir því að hafa mælt fyrir um þennan frágang en vel geti verið að hann hafi ákveðið að frágangur á skuld Jóhannesar vegna þessara hlutafjárkaupa yrði með þessum hætti. Hann segir ólíklegt að hann hafi einn tekið ákvörðun um þennan frágang en hafi hann tekið þátt í því hafi það væntanlega verið í samráði við Jón Ásgeir. Hann segir það hins vegar klárt að ekki hafi verið reiknað með því að þetta væri lán til langs tíma heldur aðeins á meðan gengið væri frá þessu annað hvort með greiðslu eða vegna annarra viðskipta á milli aðila.

Hann segist hafa litið á Gaum, Jóhannes, Jón Ásgeir og Kristínu sem einn aðila.

Tryggvi er spurður, í ljósi þekkingar hennar á 104. gr. laga um hlutafélög, hvort hann hafi talið að þessi lánveiting væri lögmæt.

Hann segist ekki muna eftir því að það hafi komið til skoðunar.

Kristín Jóhannesdóttir, stjórnarmaður:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir láni til Kristínar að fjárhæð kr. 3.786.727 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Kristínar.

Hann segist ekki muna eftir því að hafa heimilað þennan frágang en vel geti verið að hann hafi ákveðið að frágangur á skuld Kristínar vegna þessara hlutafjárkaupa yrði með þessum hætti. Hann segir ólíklegt að hann hafi einn tekið ákvörðun um þennan frágang en hafi hann tekið þátt í því hafi það væntanlega verið í samráði við Jón Ásgeir. Hann segir það hins vegar klárt að ekki hafi verið reiknað með því að þetta væri lán til langs tíma heldur aðeins á meðan gengið væri frá þessu annað hvort með greiðslu eða vegna annarra viðskipta á milli aðila.

Hann segist hafa litið á Gaum, Jóhannes, Jón Ásgeir og Kristínu sem einn aðila.

Tryggvi er spurður, í ljósi þekkingar hans á 104. gr. laga um hlutafélög, hvort hann hafi talið að þessi lánveiting væri lögmæt.

Hann segist ekki muna eftir því að það hafi komið til skoðunar.



Jón Björnsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 1998 til des. 2000
framkvæmdastjóri Baugs-Island frá des. 2000:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir viðskiptum við Jón Björnsson með bifreiðina UX-970 en skv. bókhaldi Baugs var bókfært verð bifreiðarinnar kr. 3.712.273. Baugur virðist hafa selt Jóni bifreiðina á kr. 2.700.000 sem Jón greiddi með greiðslu skuldar Baugs við Heklu að fjárhæð kr. 1.430.000 og láni að fjárhæð kr. 1.270.000.

Hann segir þetta vera rétt.

Tryggvi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að veita Jóni Björnssyni þetta lán að fjárhæð kr. 1.270.000 vegna bifreiðakaupanna.

Tryggvi segist hafa samið við Jón um þetta uppgjör, þ.m.t. að lána Jóni kr. 1.270.000.

Tryggvi er spurður hvort gengið hafi verið skjállega frá þessari lánveitingu.

Hann segir að þetta hafi verið fært á fyrirframgreidd laun sem síðan er dregið mánaðarlega af.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi talið að þessi lánveiting væri heimil og lögmæt.

Hann segist hafa talið hana lögmæta.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu til Jóns Björnssonar dags. 10.06. 1999 að fjárhæð kr. 5.100.000 en greiðslan var bókuð á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra.

Hann segist ekki þekkja þessa lánveitingu og ekkert hafa komið að ákvörðunum eða samningum um þetta mál.

Tryggvi er spurður hvernig þessi lánveiting hafi komið til og hver hafi tekið ákvörðun um hana.

Hann segist ekki vita það en líklegt að það sé Jón Ásgeir.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu til Jóns Björnssonar að fjárhæð kr. 3.000.000 þann 05.05. 2000 sem bókuð var á "lán til framkvæmdastjóra".

Vísar í svar hér á undan.

Tryggvi er spurður hvernig þessi lánveiting hafi komið til og hver hafi tekið ákvörðun um hana.

Vísar í svar hér á undan.

Jón Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri til maí 2002
framkvæmdastjóri Baugs-ID frá 2002:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingum sem bókaðar eru á bókhaldslykilinn #74310 "eigendur og stjórnendur" en staðan á þeim lykli var kr. 332.590 þann 28.08. 2002 þegar starfsmenn efnahagsbrotadeildar RLS tóku afrit af bókhaldskerfi Baugs Group hf. í húsleit á starfsstöð fyrirtækisins. Vísað er til sundurliðunar.

Hann segist ekki þekkja þetta.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu að fjárhæð kr. 6.800.000 sem bókuð var á #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 9. júlí 2001.

Hann segist ekki þekkja það og ekki komið að ákvörðunum eða samningum um þetta lán.

Tryggvi er spurður hvernig þessi lánveiting hafi komið til og hver hafi tekið ákvörðun um hana.

Hann segist ekki vita það.

Kristjón Grétarsson, framkvæmdastjóri Arcadia Sviðþjóð:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu sem bókuð er á lykilinn #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 21.12. 2000, fjárhæð kr. 2.468.268. Vísað er til skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísðra gagna þar sem hér liggja öll frammi.

Tryggvi segist ekki þekkja þessa stöðu.

Árni Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu sem bókuð er á lykilinn #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 02.03. 2001, fjárhæð kr. 5.000.000. Vísað er til skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísðra gagna þar sem hér liggja öll frammi.

Tryggvi segist ekkert um þetta vita og ekki hafa komið nálægt þessu sjálfur.

Bryndís Hrafkelsdóttir, framkvæmdastjóri Debenhams á Íslandi:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu sem bókuð er á lykilinn #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 05.07. 2001, fjárhæð kr. 1.000.000. Vísað er til skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísðra gagna þar sem hér liggja öll frammi.

Tryggvi segir að þetta sé bílalán sem hann segist hafa séð um að ganga frá og tekið ákvörðun um.

Linda Jóhannsdóttir, fv. fjármálastjóri og nv. framkvæmdastjóri smærri sérvörufyrirtækja Baugs:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu til hennar sjálfar sem bókuð er á lykilinn #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 08.09. 2000, fjárhæð kr. 500.000. Vísað er til skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísðra gagna þar sem hér liggja öll frammi.

Tryggvi segist ekki muna sérstaklega eftir þessu en um hann segist telja líklegast að hér sé um að ræða lán vegna bílaviðskipta.

Tryggvi er spurður um lán sem Linda fékk hjá Dúki hf. þar sem hún var skráður framkvæmdastjóri og prókúruhafi en Dúkur hf. er í 100% eigu Baugs hf.. Honum er tjáð að Linda hafi greint frá því að Tryggvi hafi tekið ákvörðun um að Dúkur hf. hafi lánað henni kr. 1.500.000.

Hann segist kannast við það. Það sé lán til bílakaupa sem hann hafi samið við hana um og tekið ákvörðun um að hún fengi það lán hjá Dúki hf. Hann segir að það hafi verið hans eigin ákvörðun að láta Dúk hf. lána henni þessa fjármuni þar sem til hafi staðið að gera Dúk hf að fjármálafyrirtæki á þessum tíma. Á því hafi orðið breyting og þess vegna ekki önnur bílalán færð þar. Þetta lán segir Tryggvi hafa verið fært á viðskiptareikning Lindu í bókhaldi Dúks hf.

**Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf. 07.07. 1998 til 03.06. 2002
stjórnarformaður frá 03.06. 2002 -**

Frammi liggur hreyfingalisti og fylgiskjöl á bak við færslur á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Staða reikningsins er eftirfarandi:

31.12.1998	221.298
31.12.1999	7.048.346
31.12.2000	19.537.582
28.02.2002	67.218.559
28.08.2002	72.914.730

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir því hvað hafi ráðið því að kostnaður var færður á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Tryggvi segir að Jón Ásgeir hafa tekið ákvarðanir um það sjálfur. Tryggvi segir að þegar Jón Ásgeir hafi skilað ófullkomnum gögnum s.s. ljósrit, hafi sá kostnaður verið færður á viðskiptareikning hans þar til fullnægjandi skýringar eða gögn bárust.

Tryggva er bent á að endurskoðendur RLS hafi skipt hreyfingum á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs í fjóra megin flokka:

Endurgreiddir reikningar	kr. 9.044.743
Greiddir greiðslukortareikningar	kr. 29.103.513
Beinar lánveitingar	kr. 14.800.000
Lánveiting vegna hlutabréfakaupa	kr. 17.039.530

Tryggva eru sýndir sundurliðaðir listar sem fylgja skýrslu endurskoðenda RLS á bak við hvern lið fyrir sig.

Hann er fyrst spurður um lið 1 - reikninga sem Jóni Ásgeiri voru endurgreiddir – hvort hér sé um að ræða kostnað sem Jóni bar sjálfum að greiða eða hvort hér sé um að ræða rekstrarkostnað sem Baugi bar að greiða.

Tryggvi segir að þessa reikninga hafi hann ekki séð og þekki þetta því ekki. Hann segist ekki hafa samþykkt þessa reikninga og ekki komið nálægt því að þessi kostnaður var færður á viðskiptareikning hans.

Hvers vegna var þá þessi kostnaður færður á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs en ekki á gjaldaliði.

Tryggvi segist ekki vita ástæðu þess að þessir reikningar voru færður á viðskiptareikning JÁJ.

Tryggvi er þá spurður um lið nr. 2 – greiðslur á greiðslukortareikningum Jóns Ásgeirs. Hann er fyrst spurður hver sé ástæða þess að fylgiskjölin í bókhaldinu eru bókunarbeiðnir en ekki greiðslukortareikningarnir sjálfir eða kortayfirlit.

Tryggvi segir aðspurður að Jón Ásgeir hafi sjálfur séð um að fá sér greiðslukort. Hann segir að greiðslukortayfirlitin hafi verið geymd í sér möppu og telur að Unnur Sigurðardóttir, ritari, hafi haldið

yfirlitunum til haga. Tryggvi segist telja að sami háttur hafi verið á málum hjá JAJ og honum sjálfum en einu sinni í mánuði hafi Unnur komið til hans með greiðslukortayfirlit sem búið var að merkja við þær færslur sem fullnægjandi fylgiskjöl vantaði. Tryggvi segist því hafa þurft að finna skjölin á bak við þær úttektir en að öðrum kosti hafi kostnaðurinn verið færður á viðskiptareikninginn. Hann segist telja að það sem fært hafi verið á viðskiptareikning JAJ sé sá kostnaður sem hann hafi ekki lagt fram fullnægjandi fylgigögn fyrir en geti vel verið kostnaður sem í raun hefði átt að gjaldfærast hefðu fullnægjandi gögn verið lögð fram.

Tryggvi er spurður hvaða greiðslukort Jón Ásgeir hafði frá Baugi.

Tryggvi segist ekki vita það.

Tryggvi er þá spurður um lið 3 – beinar lánveitingar til Jóns Ásgeirs. Skv. bókhaldi Baugs og skýrslu endurskoðenda RLS er um að ræða beinar lánveitingar samtals að fjárhæð kr. 14.800.000 frá árinu 1999 til 28. ágúst 2002. Frammi liggja sundurliðaðir listar yfir þessar lánveitingar svo og viðskiptareikningur Jóns Ásgeirs.

Tryggvi er spurður hvers vegna Baugur hf hafi verið að lána Jóni Ásgeiri fjármuni með þessum hætti.

Tryggvi segist ekki vita ástæðuna fyrir því, því verði JAJ að svara.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi komið að ákvörðunum um að lána JAJ peningalánin.

Hann segist ekki hafa komið nálægt því.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir hverri lánveitingu fyrir sig:

Kr. 1.100.000 dags. 2. júní 1999:

Tryggvi segist hafa verið erlendis á þessum tíma og ekki séð þetta fyrr. Hann segist ekki vita hvað þetta er. Tryggva er sýnt fylgiskjal 4723. Hann segist ekkert kannast við þetta.

Kr. 3.000.000 dags. 14. september 2000:

Tryggvi segist ekki þekkja þetta og ekki hafa komið nálægt því.

Kr. 4.000.000 dags. 3. október 2000:

Tryggvi segist ekki þekkja þetta og ekki hafa komið nálægt því.

Kr. 6.000.000 dags. 18. maí 2001:

Tryggvi segir að JAJ hafi ekki nýtt sér réttindi á bíl frá Baugi hf. skv. starfssamningi hans. Tryggvi segir JAJ frekar hafa viljað fá lán fyrir bíl en að fá bíl frá fyrirtækinu og þetta sé slíkt lán. Tryggvi segist hafa rætt þetta við JAJ þegar málið var framkvæmt.

Kr. 700.000 dags. 11. janúar 2002:

Tryggvi segist ekki þekkja þetta og ekki hafa komið nálægt því.

Tryggvi er þá spurður um lið 4 – lánveiting vegna hlutabréfakaupa:

Um er að ræða kaup Jóns Ásgeirs á hlutabréfum að fjárhæð kr.17.039.530 þann 13. febrúar 2001. Lánið hefur ekki verið endurgreitt en arðgreiðsla til Jóns Ásgeirs að fjárhæð kr. 1.790.442 var færð á móti þessu láni.

Tryggvi er spurður hvort þessi lánveiting sé gerð á grundvelli samþykktar stjórnenda, stjórnar eða samnings um hlutabréfakaup Jóns Ásgeirs.

Tryggvi vísar í svör sín við spurningum um lánveitingar til Jóhannesar og Kristínar vegna hlutabréfakaupa þeirra.

Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.:

Frammi liggja fyrrgreind gögn úr bókhaldi Baugs, skýrsla endurskoðanda RLS ásamt fylgigögnum svo og hreyfingar á viðskiptareikningi Gaums ehf. og undirgögn.

Hann er spurður hvort hann hafi litið þannig á að lánveitingar til Gaums hafi verið heimilar.

Tryggvi segist hafa talið það þar sem þessar lánveitingar væru byggðar á viðskiptalegum forsendum. Á milli félaganna hafi verið mikil viðskipti, t.d. vegna kaupa og sölu fyrirtækja og Gaumur ehf. hafi komið fram fyrir hönd Baugs hf. vegna ýmissa viðskipta.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi gert athugasemdir við lánveitingar til Gaums og þá beðinn að gera grein fyrir þeim athugasemdum.

Hann segist eingöngu hafa gert athugasemd einu sinni varðandi kr. 100.000.000 lán sem hann hafi fengið skýringar hjá JAJ á sem hann segist hafa talið fullnægjandi.

Tryggvi er spurður hver/hverjir hafi tekið ákvarðanir um að veita Gaumi lán.

Hann segist ekki geta svarað því almennt, það hafi verið mismunandi eftir skiptum.

Tryggvi er spurður hvort fyrir hafi legið ákvarðanir eða samningar um kjör, s.s. vexti/dráttarvexti endurgreiðslanna.

Hann segir að viðskipti Gaums ehf. við Baugs hf. og viðskiptareikningur Gaums í bókhaldi Baugs hafi Jón Ásgeir séð um, þó segist hann telja að skuldin hafi verið vaxtareiknuð.

Tryggvi er spurður hverjum af stjórnendum og/eða stjórnarmönnum hafi verið kunnugt um að Gaumur fékk lán hjá Baugi og spurður hvort athugasemdir hafi borist frá þeim varðandi þessa stöðu.

Hann segist ekki vita um það og segist ekki muna eftir samtölum við stjórnarmenn um það fyrr en á fyrrihluta ársins 2002 þegar málið var tekið upp innan stjórnarinnar.

Tryggva er kynnt að endurskoðendur RLS hafi skipt lánveitingum til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í fjóra megin flokka, sbr. skýrsla þeirra:

Ógreiddir reikningar sem Baugur hefur sent Gaumi

Beinar lánveitingar/peningagreiðslur
Lánveitingar vegna hlutabréfakaupa Gaums í Baugi Group hf.
Útlagður kostnaður Baugs fyrir Gaum

Liður 1 – ógreiddir reikningar:

Vísað er í töflu í skýrslu endurskoðenda RLS á og sundurliðunarlistum á bak við töfluna auk tilvísaðra fylgiskjala sem einnig liggja frammi.

Tryggva er kynnt að árið 1998 greiðir Gaumur nærri alla reikninga sem Baugur sendir þangað. Árið 1999 sendir Baugur reikninga á Gaum að fjárhæð kr. 21.253.655 en Gaumur greiðir aðeins kr. 5.645.224 þannig að skuldin á þessum lið um áramót er 15.608.431. Árið 2000 sendir Baugur reikninga á Gaum að fjárhæð kr. 44.705.241 en Gaumur greiðir aðeins kr. 11.078.310 þannig að þann 31.12. 2000 á Gaumur ógreidda reikninga frá Baugi að fjárhæð kr. 33.626.931. Árið 2001 sendir Baugur reikninga á Gaum samtals að fjárhæð kr. 1.293.376 sem allt er ógreitt.

Samtals hefur Baugur þannig sent reikninga á Gaum á tímabilinu 1998 til 2002 að fjárhæð kr. 80.263.661 en Gaumur greitt samtals 29.333.493. Mismunurinn á þessum lið sem varðar ógreidda reikninga frá Baugi á þessu tímabili er kr. 50.930.168.

Tryggvi er spurður hvort honum og öðrum stjórnendum Baugs hafi ekki verið kunnugt um þessa stöðu.

Tryggvi segist hafa rætt við Jón Ásgeir á árinu 1999 að Baugur þyrfti að senda reikninga á Gaum þar sem hann hafi litið þannig á að Baugur væri að greiða kostnað sem Gaumur ætti að taka þátt í. Þar segist Tryggvi aðallega hafa verið með í huga launakostnað Jóns og ferðakostnað. Í framhaldi segir Tryggvi að reikningur hafi verið sendur á Gaum.

Undir lok ársins 2000 segist Tryggvi aftur hafa talað við Jón um að gæta þess að Baugur lendi ekki í kostnaði vegna Gaums. Þar sem Jón hafi þekkt málið betur hafi Jón gengið í að finna út hversu háa reikninga ætti að senda á Gaum. Jón Ásgeir hafi þannig séð um reikninga vegna ársins 2000.

Tryggvi segist ekki þekkja aðrar færslur.

Tryggvi er sérstaklega beðinn að gera grein fyrir reikningum dags. 31.12. 2000:

“launakostnaður árið 2000” 15.000.000

“kostnaður yfirstjórnar” 15.000.000

Tryggvi er spurður hvað hér sé verið að rukka fyrir og hvaða gögn hafi legið til grundvallar þessum reikningum. Hann er jafnframt spurður hvaða launakostnað og kostnað yfirstjórnar sé verið að rukka Gaum fyrir.

Tryggvi segir Jón Ásgeir hafa fundið út hversu háa reikninga ætti að senda Gaumi. Hann segir Jón verða að skýra þetta nánar.

Tryggva er sýndur tölvupóstur dags. 24. janúar 2001 “With a little help from friends”. Hann er spurður hvað sé verið að ræða um.

Tryggvi segist ekki muna eftir þessum pósti en segist telja að Jón Ásgeir sé að undirbúa Kristínu, framkvæmdastjóra Gaums undir að hún fái reikning sendan frá Baugi.

Tryggva er tjáð að svo virðist sem Jón Ásgeir sé að leggja til að sendir verði tilbúnir reikningar á Gaum í því skyni að laga til reikningsniðurstöðu hjá Baugi. Hann er spurður hvort svo sé eða hvort það hafi gerst.

Hann segir það aldrei hafa komið fyrir og segist ekki skilja þennan póst á þann hátt.

Tryggvi er spurður hvaða launakostnaður það er sem Baugur er að rukka Gaum fyrir.

Hann segist ekki vita það en telja að þarna sé hluti af launakostnaði Jóns Ásgeirs og Unnar, ritara.

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um ákvæði í starfssamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar dags. 18. júní 1998 um að honum sé óheimilt að taka að sér önnur launuð störf án samþykkis stjórnar.

Hann segist aldrei hafa séð starfssamning Jóns Ásgeirs og ekki hafa verið kunnugt um þetta ákvæði.

Tryggvi er spurður hvort stjórn hafi heimilað Jóni Ásgeiri að starfa fyrir Gaum og hvort stjórn hafi þá komið að þeirri ákvörðun að senda þessa reikninga á Gaum.

Tryggvi segir að í stjórn hafi verið fjallað um að Jón Ásgeir væri talsmaður Gaums og lögð áhersla á að aðskilja félögin. Í framhaldi af því hafi Kristín Jóhannesdóttir verið ráðinn framkvæmdastjóri hjá Gaumi. Hann segist ekki vita til þess að stjórnin hafi heimilað Jóni Ásgeiri sérstaklega að starfa fyrir Gaum en þeim þó verið kunnugt um það.

Hann er þá spurður hvaða skýringar séu á því að þessir reikningar voru ekki innheimtir hjá Gaumi.

Tryggvi segist ekki hafa neina skýringu á því en bendir á að þeir hafi verið færðir á viðskiptareikning Gaums.

Tryggvi er spurður hvort einhverjar ákvarðanir hafi verið teknar um að innheimta ekki þessar kröfur og þá hver/hverir hafi tekið þær.

Hann segir að aldrei hafi staðið til annað en að innheimta þessar kröfur.

Tryggvi er spurður hver sé ástæða þess að reikningar á Gaum eru án virðisaukaskatts.

Hann segir að ekki eigi að vera virðisaukaskattur á þessum reikningi þar sem verið sé að innheimta útlagðan kostnað.

Tryggvi er spurður hvers vegna ekki séu reiknaðir vextir eða dráttarvextir á endurgreiðslur Gaums á þessum lið.

Hann segir að engin sérstök ástæða sé fyrir því og væntanlega hefði átt að reikna vexti þegar gert er upp.

Liður 2 – beinar lánveitingar – formlegar og óformlegar:

Vísað er í samantekt endurskoðenda RLS ásamt sundurliðunarlistum og tilvísuðum gögnum. Baugur hefur lánað Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. með beinum peningagreiðslum á tímabilinu 5. ágúst 1999 til 18. maí 2001:

Árið 1999	kr. 277.500.000
Árið 2000	kr. 60.000.000
Árið 2001	kr. 100.000.000
Samtals	kr. 437.500.000

Á sama tímabili hefur Gaumur endurgreitt samtals kr. 315.000.000.

Tryggvi er spurður hvernig og hver/hverjir hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og í hvaða tilgangi það hafi verið gert.

Hann segir að honum sé ókunnugt um þessar lánveitingar, utan kr. 100.000.000 sem hann er búinn að tjá sig um.

Liður 3 – lán til hlutabréfakaupa:

Tryggva er kynnt niðurstaða endurskoðanda RLS í skýrslu þeirra sem varðar lán Baugs til Gaums til hlutafjárkaupa í Baugi.

Þann 13. febrúar 2001 lánar Baugur Gaumi kr. 340.529.987 til hlutabréfakaupa í Baugi. Sama dag endurgreiddi Gaumur kr. 290.000.000. Eftir stóðu því kr. 50.529.987. Áður, eða þann 5. september 2000, hafði Gaumur fengið arð að fjárhæð kr. 14.931.710 sem var ógreiddur og færðist á móti láninu. Þann 13. febrúar voru því ógreiddar kr. 35.328.277 af þessu láni. Þann 5. júlí 2001 fékk síðan Gaumur arðgreiðslu sem færð var á móti láninu.

Tryggvi er spurður hvaða ákvarðanir hafi verið teknar um þessa lánveitingu og færslurnar í bókhaldi Baugs.

Hann segist ekki muna eftir þessu og því ekki geta gert grein fyrir því.

Tryggvi er spurður hvort það hafi komið til álita hjá honum eða öðrum stjórnendum Baugs, fyrir umfjöllun endurskoðanda Baugs á fyrrihluta ársins 2002, að þessi lánveiting væri óheimil og þá beðinn að gera grein fyrir þeirri umfjöllun.

Hann segist ekki minnst þess.

Tryggvi er þá spurður hvort honum hafi verið ókunnugt um þessa lánveitingu áður en endurskoðandi Baugs gerir sérstaka innri rannsókn í byrjun ársins 2002.

Hann segir að honum hafi verið kunnugt um það að inn á viðskiptareikning Gaums hafi verið færð hlutafjárkaup Gaums í Baugi en talið að sú ráðstöfun væri til skamms tíma. Hann segir að það mál hafi verið í höndum Jóns Ásgeirs og Tryggvi segist hafa reiknað með að skuldin væri uppgerð. Hann segist ekki hafa verið að fylgjast sérstaklega með viðskiptareikningnum og því ekki vitað að hluti af hlutafjárkaupunum var óuppgerður. Hann hafi því ekki haft vitneskju um að Gaumur skuldaði Baugi vegna hlutafjárkaupa fyrr en málið var tekið upp innan stjórnar í tilefni af innri skoðun endurskoðanda Baugs fyrrihluta ársins 2002.

Tryggva eru sýndar útprentanir á tölvupóstum á milli hans og Jóns Ásgeirs dags. 13. og 14. apríl 2002 en þar er Tryggvi að gera athugasemdir við Jón Ásgeir varðandi skuldastöðu Gaums ofl. hjá Baugi. Tryggvi er beðinn að skýra það sem fram kemur í póstunum.

Tryggvi segir að tilefni þessara samskipta hafi verið 100.000.000 kr. lánveitingin sem hann greindi frá fyrr í skýrslunni og hann var að gera athugasemdir við.

Liður 4 – aðrar lánveitingar vegna ýmiss kostnaðar:

Tryggva er kynnt niðurstaða endurskoðanda RLS í skýrslu þeirra sem varðar greiðslur Baugs á ýmsum kostnaði Gaums.

Tilgreina nánar um fjölda og fjárhæðir.

Niðurstaða endurskoðanda RLS er að samtals hafi Baugur lánað Gaumi árin 1999, 2000, 2002 og til 28.08. 2002 kr. 53.156.637 umfram endurgreiðslur.

Tryggvi er spurður hvers vegna Baugur hafi verið að greiða þennan kostnað fyrir Gaum og hver hafi tekið ákvarðanir um að gera það.

Tryggvi segist ekki vita hvað hér er á ferðinni og ekki átta sig á þessum kostnaði nema að kanna bakgögnin sjálf.

Tryggvi er spurður hvort útbúin hafi verið einhver skuldaskjöl varðandi lánveitingar til Gaums ehf og/eða Gaumur lagt fram einhverjar tryggingar fyrir greiðslu lánanna.

Hann segist ekki vita um það, ef svo hafi verið hefði væntanlega fjármálastjórinn gert það. Hann segist ekki hafa annast slíkt sjálfur.

Yfirheyrslu lauk kl. 1820.

Upplesið staðfest rétt eftir haft:

Messi Jónsson

Skýrsluna skráði:

Arnar Gunnarsson

Viðstaddir yfirheyrslu:

Arnar Gunnarsson, e.t.

J. Mag

V/1.9

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir	Mál nr.		
Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	006-2002-0086		
Staður og stund:			
Reykjavík – Laugardaginn 5. apríl 2003. Klukkan 09:30.			
Sakarefni:	Ætluð umboðssvik, brot á 104. gr. hlutafélagalaga, bókhaldslögum og lögum um ársreikninga.		
Sakborningur/grunaður:	Kennitala:		
Tryggvi Jónsson	140755-2739		
Starf/staða:	Vinnusími:		
Fv. aðstoðarforstjóri og forstjóri Baugs Group hf.	590 5500 / 691 8888		
Lögheimil:	Sími:		
Vesturhús 22, 112 Reykjavík	567 6363		
Dvalarstaður:	Sími:		

Tryggva er kynnt að verið sé að rannsaka ætlaðar ólögmætar lánveitingar af hálfu stjórnenda Baugs hf., bæði sem snúa að almennum lánveitingum og lánveitingum til hlutafjárkaupa í félaginu. Við þessa yfirheyrslu verði haldið áfram yfirferð yfir umrædd lánamál frá því sem frá var horfið í gærkvöldi.

Rannsóknin í heild beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik skv. ákvæðum gr. almennra hegningarlaga og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Rannsóknin í heild beinist einnig að því að upplýsa hvort framin hafi verið brot á 36. og 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, svo og ákvæði reglugerðar nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Tryggva er kynnt sakarefnið og að honum sé ekki skylt að svara spurningum um eigið sakarefni en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta.

Viðstaddur yfirheyrsluna er skipaður verjandi Tryggva, Andri Árnason, hrl.

Kaupþing hf.

Staða viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. var kr. 204.066.853 þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfi félagsins afritað. Kaupþing hf. er einn af stærstu hluthöfum í Baugi hf.

Tryggva er kynntur hreyfingalísti viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. þar sem fyrrgreind staða kemur fram.

Þann 30. júní 1999 seldi Baugur Kaupþingi hlutabréf í Baugi að fjárhæð kr. 330.764.000.

Þann 7. júlí 1999 greiddi Kaupþing Baugi kr. 165.382.000.

Eftir standa því kr. 165.382.000 af hlutafjárkaupum Kaupþings hf. á viðskiptareikningi félagsins í bókhaldi Baugs hf.

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum viðskiptum.

Tryggvi segir að þegar Baugur hf hafi verið stofnað hafi verið ákveðið af hluthöfum Baugs hf að halda eftir hlutafé til að mæta kaupréttarsamningum. Tryggvi segir að það hafi verið gert með því að Baugur hf keypti hlutabréf að nafnvirði 40 milljónir sem voru færð á vörslureikning hjá Kaupþing Luxemborg. Tryggvi segir þessi hlutabréf að nafnvirði 40 milljónir hafa verið færð á kaupvirði, þ.e. samtals að fjárhæð kr. 330.764.000,-.

06593 

Tryggvi segir að eins og alltaf sé gert með fjárvörslureikninga þá var umrætt hlutafé fært yfir á nafn Kaupþings. Hins vegar hafi Kaupþing ekki haft ráðstöfunarrétt yfir þessum hlutabréfum, né hafi þeir nýtt atkvæðisrétt samkvæmt þeirri hlutabréfaeign. Tryggvi segir þennan framgangsmáta vera algildan varðandi alla fjárvörslureikninga og vera lögum samkvæmt.

Þann 7. júlí 1999 segir Tryggvi að það hafi gerst að gengið hafi verið á kaupréttarsamningana og við það hafi helmingurinn af þessum hlutabréfum verið seldur. Hann segir það hafa gengið þannig fyrir sig að Kaupþing hafi keypt helminginn af þessum hlutabréfum, þ.e. að nafnvirði 20 milljónir. Í framhaldi af því segir Tryggvi að hann, Jón Ásgeir og Óskar Magnússon hafi keypt þau hlutabréf af Kaupþingi samkvæmt þeirra kaupréttarsamningum við Baug hf. Eftir því sem Tryggvi man best þá hafi Óskar keypt hlutabréf að nafnvirði 10 milljónir en hann sjálfur og Jón Ásgeir hafi keypt hlutabréf fyrir 5 milljónir að nafnvirði hvor.

Tryggvi segir að samkvæmt hans kaupréttarsamningi við Baug hf hafi hann átt rétt á því að kaupa þessi hlutabréf á genginu 6,23 að hann minnir, eða um 20% undir því kaupverði sem bréfin voru skráð hjá Kaupþingi. Tryggvi kveðst ekki þekkja kaupréttarsamninga þeirra Jóns Ásgeirs og Óskars og geti því ekki sagt til um það á hvaða gengi þeir gátu keypt þessi hlutabréf.

Tryggvi segir að þeir hafi allir þrír strax eftir þessi viðskipti selt bréfin áfram til Kaupþings. Hann kveðst ekki vita hver hafi í framhaldi af því keypt bréfin hjá Kaupþingi.

Tryggvi segir að þessi færsla þann 7. júlí 1999 skýrist af þessum viðskiptum. Helmingurinn af bréfunum sem voru á fjárvörslureikningnum hjá Kaupþing hafi verið seldur og við það hafi viðskiptastaða Kaupþings á viðskiptareikningnum hjá Baugi hf lækkað um helming, þ.e. um kr. 165.382.000.-

Tryggvi ítrekar að um hafi verið að ræða venjulega ráðstöfun á fjárvörslureikningi.

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir 25 milljón króna tekjufærslu þann 30.04.2000 vegna gengismismunar á þeim hlutabréfum sem voru á fjárvörslureikningnum hjá Kaupþing.

Tryggvi segir að á þessum tíma hafi verið búið að ákveða það að þessum hlutabréfum yrði ekki endilega ráðstafað upp í skuldbindingar Baugs hf gagnvart kaupréttarsamningum. Sökum þessa kveðst Tryggvi hafa uppreiknað verðbætur upp á 25 milljónir.

Tryggvi er spurður hvort þessi viðskipti/þessi lánveiting hafi komið til umfjöllunar stjórnarinnar Baugs hf, fyrir 28. ágúst 2002.

Tryggvi segir stjórn Baugs hf ekki hafa komið að þessum viðskiptum. Hann segir að um hafi verið að ræða útfærslu stjórnenda Baugs hf til að mæta kaupréttarsamningum.

Tryggvi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um þessi viðskipti.

Tryggvi segir eigendur félagsins hafa tekið ákvörðun um að færa þessi hlutabréf á fjárvörslureikning hjá Kaupþingi. Hann segir eigendurna á þessum tíma hafa verið FBA, Kaupþing og Gaumur ehf. Hann segir að Svanbjörn Thoroddsen hjá FBA hafa verið inn í þessum málum. Hjá Kaupþingi hafi líklega Hreiðar Már Sigurðsson eða Sigurður Einarsson komið að þessu máli. Hjá Gaumi ehf var það Jón Ásgeir.

Fjárfar ehf.

Tryggvi er spurður hvort Fjárfar ehf. tengist á einhvern hátt Baugi Group hf. eða aðaleigendum Baugs.

Tryggvi kveðst ekki vita það með vissu, en hann hafi heyrt það að Jón Ásgeir eigi lítinn hlut í þessu félagi, um 5-6% hlut. Annars kveðst hann ekkert vita um þetta félag.

Tryggva er kynntur kafli 3.2 í skýrslu endurskoðenda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfars ehf. og undirgögn kafans. Hann er beðinn að gera grein fyrir lánveitingum Baugs til Fjárfars vegna hlutabréfakaupa í Baugi þann 16. maí 2000 kr. 64.500.000 og þann 13. febrúar 2001 kr. 85.758.591.

Tryggvi kveðst ekki geta gert neina grein fyrir þessum lánveitingum, hann kveðst ekkert vita um þær. Aðspurður kveðst Tryggvi ekki minnst þess að hafa komið að þessum lánveitingum.

Tryggvi er einnig beðinn að gera grein fyrir lánveitingu að fjárhæð kr. 50.000.000 dags. 30. júní 2000 vegna kaupa Fjárfars á hlutabréfum í Baugur.net. Skv. bókhaldi Baugs var þessi fjárhæð bakfærð þann 21. febrúar 2002. Tryggvi er spurður hvort Fjárfari hafi verið seld þessi hlutabréf í júní 2000 og beðinn að skýra þessa bakfærslu nærri tveimur árum síðar.

Tryggvi segir að eftir því sem hann muni best hafi Jón Scheving haft með Baug.net að gera. Hann segir að þetta hafi verið á þeim tíma þegar netvæðingin var sem mest og stórar fyrirætlanir varðandi þetta félag Baug.net. Tryggvi segir að þegar þessi "netvæðingarbóla" hafi sprungið hafi þessi viðskipti gengið til baka. Forsvarsmenn Baugs hf hafa talið nauðsynlegt að hafa umráðarétt yfir netverslunum sem tengdust fyrirtækjum þess. Annars kveðst Tryggvi ekki geta gert nákvæma grein fyrir þessu og kveðst ekki hafa komið að þessum lánveitingum á neinn hátt. Hann kveðst telja að Jón Scheving væri best til þess fallinn að svara fyrir þessar lánveitingar vegna Baugs.net.

Tryggva er kynnt að vextir voru ekki reiknaðir á skuld Fjárfars að undanskildu tímabilinu frá júlí 2000 til 30. júní 2001. Hann er spurður hvers vegna það hafi ekki verið gert.

Tryggvi kveðst ekki kunna sérstaka skýringu á því. Hann tekur þó fram að ekki hafi verið sjálfvirkur vaxtareikningur í bókhaldskerfinu og telur víst að reikna hafi átt upp vextina þegar þessi viðskiptareikningur væri gerður upp.

Tryggvi er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og á hvaða forsendum þær hafi verið gerðar.

Tryggvi kveðst ekki vita hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar, né á hvaða forsendum það hafi verið gert.

Hann er spurður hvort fyrir liggi einhver skuldaskjöl varðandi þessar lánveitingar eða hvort Fjárfar ehf. hafi sett fram einhverjar tryggingar fyrir þessum lánveitingum.

Tryggvi kveðst ekki þekkja það. Það hafi þá farið í gegnum fjármálastjóran og kveðst Tryggvi ekki hafa komið að neinu slíku sjálfur.

Aðspurður kveðst hann ekki hafa vitað af þessum lánveitingum sem slíkum. Hins vegar kveðst hann hafa séð það á einhverjum tímapunkti í tengslum við innheimtu á útistandandi kröfum, eftir að þessar lánveitingar höfðu átt sér stað að Fjárfar stóð í skuld á viðskiptareikningi hjá Baugi hf.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi talið að um væri að ræða löglegar lánveitingar til Fjárfars.

Tryggvi kveðst ekki hafa velt því fyrir sér hvort þetta væru lögmætar eða ólögmætar lánveitingar. Hann hafi í raun ekki vitað á hverju þessar lánveitingar byggðu og minnst þess ekki að hafa skoðað það með neinum hætti.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi gert athugasemdir vegna þessara lánveitinga og þá hvernig, hvert og með hvaða hætti.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess að hafa gert athugasemdir við þessar lánveitingar. Hann kveðst hins vegar minnst þess að hafa á einhverjum tímapunkti átt fund með Lindu Jóhannsdóttur, fjármálastjóra Baugs hf og þau verið að fara yfir viðskiptamannalista Baugs hf. Hann kveðst hafa rætt það við Lindu að það þyrfti að innheimta þessa kröfu á Fjárfar, enda hafi Baugur hf þá þurft á fjármunum að halda.

Aðspurður kveðst Tryggvi ekki hafa fylgt þessari innheimtu eftir með, né fylgst með því hvort þessi krafa á Fjárfar hafi verið innheimt. Tryggvi tekur það fram að hann hafi haft miklum skyldum að gegna fyrir félagið erlendis, bæði hvað varðar Bonus Stores og Arcadia. Sökum þess hafi hann ekki haft mikið svigrúm til að fylgjast með þessum málum.

Tryggvi er spurður hvort þessara lánveitinga hafi verið getið í ársreikningum Baugs eða skýrslu stjórnar.

Tryggvi kveðst ekkert vita um það.

Jón Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóri Nordica:

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu til Jóns Geralds að fjárhæð kr. 4.350.000 vegna hlutafjárkaupa í Baugi. Vísað er til kafla 3.3. í skýrslu endurskoðenda RLS og viðskiptareiknings Jóns Geralds í bókhaldi Baugs.

Tryggvi segir að Jón Gerald hafi samið við Jón Ásgeir um heimild til að kaupa hlutabréf í Baugi hf. Tryggvi segir að gengið hafi verið eftir greiðslu frá Jóni Geraldí vegna þessara hlutafjárkaupa. Hann kveðst einnig minnst þess að hafa rætt það við fjármálastjóra Baugs, eftir því sem hann muni best, hvort ekki væri rétt að bakfæra þessi viðskipti við Jón Gerald, sökum þess að Jón Gerald var ekki búinn að greiða fyrir bréfin. Tryggvi kveðst ekki hafa séð fram á það að greiðsla bærst frá Jóni Geraldí vegna þessara hlutabréfakaupa.

Tryggvi kveðst hafa séð það síðasta haust þegar hann hafi verið var að taka saman viðskiptastöðu Jóns Geralds/Nordica Inc gagnvart Baugi hf kveðst hann hafi séð það að þessi hlutafjárkaup JGS voru ennþá ófrágengin. Tryggvi kveðst þá hafa rætt það við Þórð Bogason, lögmann Baugs hf, um það að ógilda þessi bréf en hann kveðst ekki vita hvernig það mál hafi endað.

Tryggvi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um þá lánveitingu.

Tryggvi segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um lánveitingu til Jóns Geralds vegna þessara hlutafjárkaupa. Það hafi aldrei staðið til að lána Jóni Geraldí vegna þessa. Tryggvi kveðst gera ráð fyrir því að þetta hafi verið eigin hlutabréf Baugs hf sem Jón Gerald hafi keypt í umrætt sinn og hafi fjárhæð viðskiptanna verið færð inn á viðskiptareikning Jóns Geralds eða Nordica Inc hjá Baugi hf. Ekki hafi verið gert ráð fyrir því að þar stæði hún óhreyfð sem skuld, heldur hafi Jón Gerald átt að greiða þetta.

Tryggvi segir að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að þetta væri lánveiting.

Tryggvi er spurður um ástæðu þess að ekki hafi verið reiknaðir vextir á þessa kröfu Baugs hf gagnvart Jóni Geraldí.

Tryggvi kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi vaxtareikning á viðskiptamannareikninga í bókhaldi Baugs hf. Væntanlega hafi átt að vaxtareikna þetta þegar krafan yrði greidd.


Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Tryggvi vill að lokum taka það fram að það myndist vaxtakrafa á þessa viðskiptamannareikninga, þó að vaxtaútreikningur hafi ekki verið færður inn á þessa viðskiptamenn.


Skýrslutöku lauk kl. 11:35

Upplesið og staðfest:

Skýrslu skráði:



Tryggvi Jónsson



Sveinn I. Magnússon

Verjandi Tryggva:



Andri Arnason, hrl.

V/1.10

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi		Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík – Laugardaginn 5. apríl 2003. Klukkan 11.35.			
Sakarefni: Ætluð umboðssvik.			
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson		Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Fv. aðstoðarforstjóri og forstjóri Baugs Group hf.		Vinnusími: 590 5500 / 691 8888	
Lögheimili: Vesturhús 22, 112 Reykjavík		Sími: 567 6363	
Dvalarstaður:		Sími:	

Tryggvi er mættur til yfirheyrslu samkvæmt boðun. Honum er kynnt að við þessa skýrslutöku verði farið yfir erlenda bankaábyrgð nr. G0412-1150 að fjárhæð USD 135.000.- sem stofnað var til af Bónus sf. í gegnum SPRON og Sparisjóðabankann þann 18.07.1996. Þessi bankaábyrgð mun hafa verið notuð sem trygging fyrir bankaláni sem Jón Gerald tók í nafni Nordica Inc. vegna kaupa á bátnum Icelandic Viking, í júlí 1996.

Þann 30.11.1998 var Bónus sf. tekið úr firmaskrá hjá Sýslumanninum í Reykjavík og Baugur hf yfirtók frá þeim tíma allar eignir og skuldbindingar félagsins.

Tryggva er kynnt að sakarefnið varði ætluð umboðssvik gagnvart Baugi hf vegna þessarar bankaábyrgðar sem gjaldfelld var þann 28.11.2002, en gjaldfærslan var að fjárhæð kr. 12.219.990,-. Tryggva er kynnt að rannsakarar telji rétt að hann njóti réttarstöðu sakbornings við þessa yfirheyrslu vegna stöðu sinnar sem yfirmaður fjármála hjá Baugi hf.

Tryggva er kynnt að honum sé ekki skylt að svara spurningum um sakarefnið en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta.

Viðstaddur yfirheyrsluna er skipaður verjandi Tryggva, Andri Árnason, hrl.

Tryggvi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessari erlendu bankaábyrgð og á hverju hún byggðist.

Tryggvi kveðst ekki geta gert það. Hann kveðst ekkert hafa vitað um þessa bankaábyrgð og tekur það fram að hann hafi ekki verið farinn að starfa fyrir félagið árið 1996 þegar stofnað er til bankaábyrgðarinnar.

Tryggva er kynnt að reglubundnar skuldfærslur hafi átt sér stað allt frá því að stofnað var til þessarar bankaábyrgðar og vörðuðu bankakostnað sem SPRON innheimti af bankareikningi Bónus sf. hjá SPRON. Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þessa bankaábyrgð eftir að hann kom til starfa hjá Baugi hf og vitað af þessu.

Tryggvi segir að honum hafi verið kunnugt um það að Bónus hafi veitt Nordica Inc hefðbundna vöruábyrgð og kveðst hann ekki vita betur en að það hafi ekki verið nema ein slík bankaábyrgð, sem hljóti því að vera þessi bankaábyrgð sem borin er undir hann nú.

Tryggvi er spurður hvort hann kunní skýringu á því að þessi bankaábyrgð sem Tryggvi segir að hafi verið skýrð fyrir honum sem hefðbundin vöruábyrgð, skuli hafa verið gjaldfelld eftir að viðskiptum Nordica Inc og Baugs hf lauk.

06598

Tryggvi kveðst ekki kunna skýringu á þessari gjaldfellingu og tekur það fram að hann hafi verið hættur störfum hjá Baugi hf. þegar það gerðist.

Undir Tryggva er borið símbref frá Sparisjóðabanka Íslands sem stílað er á Bónus sf. og dagsett 27.07.1996 og varðar skilmálabreytingu á þessari bankaábyrgð, þannig að ábyrgðin er opnuð og geti varðað hvað sem er. Tryggvi er spurður hvort hann kunni skýringar á þessu og jafnframt hver hafi greint honum frá því að þessi bankaábyrgð varðaði vöruviðskipti Nordica Inc og Bónus sf.

Tryggvi kveðst ekki hafa séð þetta símbref áður og kunni enga skýringu á því. Hann kveðst ekki muna það nú hver hafi gert honum grein fyrir þessari bankaábyrgð fyrst og sagt honum að hún varðaði vöruviðskipti, þó geti það hafa verið Jón Gerald.

Tryggva er kynnt að þessi erlenda bankaábyrgð sé til tryggingar láni sem Jón Gerald tók hjá Ready State Bank í Flórída í ágúst 1996 að fjárhæð USD. 135.000,-. Tryggvi er spurður hvort honum hafi ekki verið kunnugt um þetta lán sem Jón Gerald tók vegna kaupanna á fyrsta bátnum – Icelandic Viking I. Sérstaklega í ljósi þess að við rannsókn þessa máls varðandi aðkomu Baugs hf að fjármögnun á bátnum Thee Viking hefur komið fram að Tryggvi setti upp exel töflur varðandi viðskiptin með alla bátana þrjá og þar hafi hann skráð inn lán að fjárhæð USD. 135.000,- vegna kaupanna á Viking I. Einnig hafi Tryggvi fengið í hendur efnahags- og rekstrarreikning frá Jóni Geraldí varðandi félagið New Viking en þar komi einnig fram afborganir af þessu bankaláni.

Tryggvi kveðst hafa fengið upplýsingar um það frá Jóni Geraldí að hann hafi tekið lán til kaupanna á bátunum Viking I. Hann segir að honum hafi hins vegar verið ókunnugt um það að þessi erlenda bankaábyrgð tengdist því láni.

Tryggvi er spurður hvernig farið hafi verið með þessa erlendu bankaábyrgð í bókhaldi Baugs hf.


Tryggvi segir að þær bankaábyrgðir sem stofnað sé til vegna vöruviðskipta séu alltaf hjá þeim undirfyrirtækjum Baugs hf sem ábyrgðirnar varða. Þannig segir hann þessa bankaábyrgð eiga að hafa verið í bókhaldi Bónus. Tryggvi segir þessa bankaábyrgð aldrei hafa komið inn á borð til hans.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Tryggvi kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 12:17


Upplesið og staðfest:


Tryggvi Jónsson

Skýrslu skráði:


Svein I. Magnússon

Verjandi Tryggva:


Andri Arnason, hrl.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	V/1.11	
Staður og stund: Reykjavík – Mánudaginn 26. júlí 2004. Klukkan. 10:00.			
Sakarefni: Ætluð brot á XXVI. kafla alm. hgl. - bókhaldslögum, lögum um hlutafélög ofl.			
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739		
Starf/staða: Fyrirverandi forstjóri Baugs-Group hf.	Vinnusími: 590 5500		
Lögheimili: Vesturhús 22, 112 Rvík.	Sími: 567 6363		
Dvalarstaður:	Sími:		

Tryggvi er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnugt sakarefnið og kynnt að við þessa yfirheyrslu verði farið nánar yfir þá ferðakostnaðarreikninga sem Nordica Inc gerði Baugi hf og greiddir voru úr sjóðum Baugs hf. Einnig verði farið yfir American Express greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar í nafni Nordica Inc.

Tryggva er tjáð að hann sé með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sem honum er gefið að sök en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Með Tryggva er mættur Andri Árnason hrl, en hann er skipaður verjandi Tryggva. Viðstaddur yfirheyrsluna er Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 2. apríl 2003 var farið yfir American Express greiðslukortanotkun Tryggva og ferðakostnaðarreikninga sem Nordica Inc gerði Baugi hf í tengslum við þá greiðslukortanotkun Tryggva. Við þá yfirheyrslu kvaðst Tryggvi ekki hafa fengið neinar rukkanir varðandi greiðslukortanotkunina fyrir en í ágúst 2000 og minnst þess ekki að Jón Gerald hafi sent honum eða Baugi hf. reikninga fyrir þann tíma.

Tryggva er kynnt að frá því hann var síðast yfirheyrður um ferðakostnaðarreikninga sem Nordica Inc gerði Baugi hf og greiddir voru úr sjóðum Baugs hf. hafi komið í ljós fleiri reikningar til viðbótar þeim reikningum sem áður hafa verið bornir undir Tryggva. Tryggva er kynnt að þessir viðbótarreikningar verði nú bornir undir hann, en þeir bera þess allir merki að hafa verið samþykktir af Tryggva.

- Undir Tryggva er borinn reikningur frá Nordica nr. 99059, sem dagsettur er þann 14.07.1999 að fjárhæð USD. 358,80 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Hotel and travel exp."

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þeim ferðakostnaði sem reikningurinn varðar.

Tryggvi kveðst þekkja undirritun sína á reikningnum, hann hafi samþykkt reikninginn. Tryggvi tekur það fram að það sé langt um liðið frá því að þessi reikningur var gefinn út og muni hann ekki nákvæmlega eftir honum. Hann kveðst þó telja að þessi reikningur tengist ferð með viðskiptamenn Baugs, en um sumarið 1999 hafi verið farið með bankamenn til Flórída á vegum Baugs. Tryggvi segir að allur sá kostnaður hafi verið endurinnheimtur hjá Gaumi ehf í árslok 1999 með útgáfu á reikningi frá Baugi.

06600


CAK

Tryggva er kynnt að Jón Gerald hafi lagt fram sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur.

Verslun	Lýsing á vörum	Fjárhæð	Dagsetning
1. Hertz car rental/ Kissimmee	Hertz car rental	156,17	22.05.1999
	Samtals USD	156,17	

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum viðskiptum og skýra það hvernig þessi viðskipti tengist rekstri Baugs hf, eða ferðakostnaði í tengslum við rekstur Baugs hf. Tryggvi er jafnframt spurður hvaða kostnaður til viðbótar hafi bæst við reikninginn frá Nordica Inc, þar sem kostnaðurinn við bílaleiguna hafi verið USD 156,17 af USD 358,80 heildarfjárhæð reikningsins.

Tryggvi kveðst minnst þess að hafa leigt bílaleigubifreið hjá Hertz á þessum tíma. Hann segir að heildarkostnaðurinn við það að leigja bifreiðina hafi verið meiri en sem nemur USD 156,17, sem Tryggvi kveðst þá væntanlega hafa greitt sjálfur vegna einkanotkunar á bifreiðinni. Tryggvi kveðst ekki hafa neina skýringu á þessum viðbótarkostnaði á reikningnum frá Nordica Inc. Tryggvi segir að þessi ferð þar sem hann hafi leigt þessa bílaleigubifreið sé ekki sama ferðin og hann hafi talið í svari sínu hér að ofan. Í þessari ferð í maí 1999 hafi hann m.a. hitt Jón Gerald í Daytona eins og komið hefur fram við rannsókn þessa máls. Tryggvi kveðst telja að á þessum tíma hafi Jim Schafer verið með honum og líklegast hafi Bonus Stores verið að opna verslun í Daytona á þessu tímabili.

- Undir Tryggva er borinn reikningur frá Nordica nr. 99072, sem dagsettur er þann 25.08.1999 að fjárhæð USD. 171,46 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Hotel and travel exp."

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þeim ferðakostnaði sem reikningurinn varðar.

Tryggvi kveðst þekkja undirritun sína á reikningnum, hann hafi samþykkt reikninginn. Tryggvi kveðst ekki muna eftir þessum ferðakostnaði og kveðst telja að undirgögn séu með þessum reikningi.

Tryggva er kynnt að Jón Gerald hafi lagt fram sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur.

Verslun	Lýsing á vörum	Fjárhæð	Dagsetning
1. Chuck Hart Management/Miami	Public golf course	171,46	18.07.1999
	Samtals USD	171,46	

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum viðskiptum og skýra það hvernig þessi viðskipti tengist rekstri Baugs hf, eða ferðakostnaði í tengslum við rekstur Baugs hf.

Tryggvi segir að þetta tengist ferðinni með íslensku bankamennina til Flórída, sem hann hafi vísað til að ofan. Þeir hafi farið í golf í þessari ferð, þ.e. Tryggvi og einhverir af þeim bankamönnum sem í ferðinni voru. Jafnvel hafi Jón Gerald verið með þeim í umrætt sinn. Tryggvi kveðst minnst þess að Hreiðar Már Sigurðsson hafi verið með í þessum golf hring. Aðrir þeir bankamenn sem fóru þessa ferð til Flórída hafi verið Sigurður Einarsson, Bjarni Ármannsson og fleiri.

Tryggva er bent á að í fylgiskjali í bókhaldi Baugs-Group hf. sé handrituð skýringin “Gisting Miami TJ”. Tryggvi er beðinn um að skýra þetta.

Tryggvi kveðst ekki kunna sérstaka skýringu á þessu. Hann segir ljóst að þetta sé ekki hans rithönd á skjalinu og kveðst geta sér þess til að sá starfsmaður í bókhaldi Baugs-Group hf sé séð hafi um að færa þennan reikning hafi getið sér þess til að um gistingu hafi verið að ræða í ljósi texta reikningsins “Hotel and travel exp.”

- Undir Tryggva er borinn reikningur frá Nordica nr. 99107, sem dagsettur er þann 31.12.1999 að fjárhæð USD. 329,58 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er “Hotel and travel exp. Dec 99”.

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þeim ferðakostnaði sem reikningurinn varðar.

Tryggvi kveðst þekkja undirritun sína á reikningnum, hann hafi samþykkt reikninginn. Tryggvi kveðst ekki muna eftir þessum ferðakostnaði og kveðst telja að undirgögn séu með þessum reikningi.

Tryggva er kynnt að Jón Gerald hafi lagt fram sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur.

Verslun	Lýsing á vörum	Fjárhæð	Dagsetning
1. Gap #6325 / The Miami	Apparel/Accessories	101,18	22.10.1999
2. Coconuts #783 / Miami Beach	General merchandise	93,40	23.10.1999
3. Duty Free Store / Keflavík Airport	vantar lýsingu á vörum	135,00	-----
	Samtals USD	329,58	

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum viðskiptum og skýra það hvernig þessi viðskipti tengist rekstri Baugs hf, eða ferðakostnaði í tengslum við rekstur Baugs hf.

Tryggvi kveðst minnst þess að hafa verið í ferð á vegum Baugs á þessum tíma í lok október 1999. Varðandi viðskiptin við Gap þá hafi þar verið um fatakaup að ræða. Tryggvi kveðst ekki muna það nú hvort hann hafi keypt þau í eigin þágu eða sem sýnishorn fyrir Baug. Ef hann hafi keypt þau í eigin þágu þá hafi Jón Gerald ekki átt að setja þetta sem ferðakostnað, heldur átt að rukka Tryggva beint. Varðandi viðskiptin við Coconuts þá kveðst Tryggvi ekki muna það nú hvort um sé að ræða veitingastað eða verslun. Hann kveðst ekki muna eftir þeim viðskiptum. Varðandi viðskiptin í Frfhöfninni á Keflavíkurflugvelli þá kveðst Tryggvi hafa keypt stafrænan diktafón, eða upptökutæki. Tryggvi kveðst eiga það tæki ennþá.

Undir Tryggva er borinn tölvupóstur sem hann sendi á Jón Gerald þann 8. janúar 2000, en þar segir:

“Sæll

Fékk frá þér tvo reikninga á faksi í gær. Annar var á mig vegna ferðakostnaðar og hefur þegar verið sendur til greiðslu. Hinn er stílaður á Jón Ásgeir og er vegna bankakostnaðar, lögfræðipjónustu o.fl. Tengist það Thee Viking? Ef svo er þá minni ég þig á að þegar við hittumst síðast þá lét ég þig fá memo þar sem m.a. kom fram að framvegis ættirðu að senda mér reikning sem stílaður væri á Baug. Textinn á reikningnum kom fram á blaðinu.

Ef þetta er reikningur vegna Vikingsins sendu mér þá nýjan með þessu formi.....”

Tryggvi er beðinn um að skýra þetta, í ljósi þess að á reikningi nr. 99107 má sjá að hann hafi verið sendur með faxi þann 07.01.2000 og virðist vera annar af þeim reikningum sem Tryggvi sé að vísa til í tölvupóstinum til Jóns Geralds.

Tryggvi kveðst geta staðfest að þetta sé reikningur sem virðist hafa borist með faxi þann 07.01.2000. Hann kveðst ekki hins vegar ekki geta fullyrt að þetta sé sá reikningur sem hann hafi verið að vísa til í tölvupóstinum til Jóns Geralds, þó séu hægt að draga ályktanir út frá þessum skjölum, en ekki sé hægt að útiloka að um aðra reikninga hafi verið að ræða.

Tryggva er kynnt að enginn annar reikningur frá Nordica Inc hafi fundist í bókhaldi Baugs hf á þessum tíma. Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þess.

Tryggvi kveðst ekkert hafa um það að segja, það sé sjálfsagt rétt.

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir hinum reikningnum sem hann vísar til í tölvupóstinum "*Hinn er stílaður á Jón Ásgeir og er vegna bankakostnaðar, lögfræðipjónustu o.fl. Tengist það Thee Viking?*" Tryggvi er spurður hvað hafi orðið um þann reikning.

Tryggvi kveðst vísa í fyrri framburði sína varðandi þennan tölvupóst. Hann kveðst ekki hafa neinar nýjar upplýsingar fram að færa.

Undir Tryggva er borið skjalið "*Það sem þarf að gera*". Skjal málsins nr. II/5.3. Hann er spurður hvort hann geti staðfest rithönd sína á skjalinu, en á skjalinu er m.a. handritaður texti.

Tryggvi tekur það fram að honum finnst sem það séu tveir aðilar sem hafi handritað texta inn á skjalið. Hann þori þó ekki að fullyrða neitt um það og kveðst vísa í fyrri framburð sinn varðandi þetta.

Hlé gert á yfirheyrslunni kl. 11:15

Yfirheyrslunni haldið áfram kl. 11:25.

- Undir Tryggva er borinn reikningur frá Nordica nr. 49, sem dagsettur er þann 05.05.2000 að fjárhæð USD. 548,90 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel and transportation services".

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þeim ferðakostnaði sem reikningurinn varðar.

Tryggvi kveðst þekkja undirritun sína á reikningnum, hann hafi samþykkt reikninginn. Tryggvi kveðst ekki muna eftir þessum ferðakostnaði og kveðst telja að undirgögn séu með þessum reikningi.

Tryggva er kynnt að Jón Gerald hafi lagt fram sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur.

Verslun	Lýsing á vörum	Fjárhæð	Dagsetning
1. Dillards / Orlando	Mens Mod Casual Shoe	94,34	22.02.2000
2. Camelot #0943 Orlando	General merchandise	96,41	22.02.2000
3. Camelot #1302 Orlando	Records/Tapes/Cds	188,64	24.02.2000
4. Camelot #0943 Orlando	General merchandise	94,28	12.03.2000
5. Camelot #1302 Orlando	Records/Tapes/Cds	35,14	13.03.2000
	Samtals USD	548,90	

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum viðskiptum og skýra það hvernig þessi viðskipti tengist rekstri Baugs hf, eða ferðakostnaði í tengslum við rekstur Baugs hf.

Tryggvi kveðst hafa keypt skó hjá Dillards og geisladiska hjá Camelot, eins og komi fram á sundurliðun á reikningsyfirlitinu frá America Express. Tryggvi segir að á þessum tíma hafi þeir væntanlega verið að fara í siglingu á bátnum og hann keypt tónlistar geisladiska til að hafa í bátnum á Miami. Tryggvi kveðst telja að þessi skó kaup hafi tengst bátnum. Líklegast hafi hann verið að kaupa einhverja sandala til að geta notað um borð í bátnum fyrir gesti og þá væntanlega að beiðni Jóns Geraldts. Hann kveðst sjálfur ekki versla sér skó í Dillards.

Aðspurður kveðst Tryggvi ekki geta skýrt texta reikningsins "Travel and transportation services" og kveðst vísa á Jón Gerald í því sambandi.

Tryggvi er spurður hvert fyrirkomulagið hafi verið þegar hann hafi fengið útgefið American Express greiðslukort í nafni Nordica Inc þann 16.11.1998, þ.e. hvernig standa átti að innheimtu varðandi greiðslukortanotkun Tryggva.

Tryggvi segir að ef kortanotkun hans varðaði kostnað vegna Baugs þá hafi Jón Gerald átt að gefa út reikning á Baug. Ef kortanotkunin hafi varðað Tryggva persónulega hafi Tryggvi ætlað að borga það sjálfur persónulega og ekki hafi átt að setja það á reikninga sem stílaðir voru á Baug. Tryggvi kveðst áður hafa skýrt frá því við yfirheyrslu hjá lögreglu að hann hafi í tvígang greitt persónulega til Jóns Geraldts vegna þessarar kortanotkunar.

Tryggva er kynnt að samkvæmt rannsókn lögreglu, byggt á gögnum frá Nordica Inc og bókhaldi Gaums ehf, þá virðist sem Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. hafi greitt fyrir American Express greiðslukortanotkun Tryggva allt frá því að Tryggvi fékk kortið útgefið, þann 16. nóvember 1998 til júní 1999.

1999 - Kort nr. 3782-00167-02515

Dags. yfirlits	Kort TJ á yfirliti American Express (USD)	Reikningur Nordica Inc. til Gaums ehf.	Upphæð reiknings (USD)
23. desember 1998	50,63	98153	5.760,00
23. janúar 1999	864,01	99018	7.164,00
22. febrúar 1999	123,65	99034	8.670,00
24. mars 1999	141,30	99040	5.455,85
23. apríl 1999	1.295,59	99049	5.230,80

Tryggvi er beðinn um að skýra ástæðu þess að Gaumur ehf lagði út fyrir greiðslukortanotkun hans á þessu tímabili, en kortanotkun hans á því tímabil var samtals USD 2.475,18.

Tryggvi kveðst ekki muna nákvæmlega ástæðu þess að þetta var innheimt með þessum hætti. Það hafi verið að undirlagi Jóns Ásgeirs að það var gert með þeim hætti, eftir því sem Tryggvi best muni. Hann tekur það fram að á þessum tíma hafi kortanotkun hans að stórum hluta til verið vegna ferða þeirra til Miami og einhverra á þeirra vegum.

Tryggva er kynnt að samkvæmt gögnum úr bókhaldi Baugs-Group hf virðist fyrsti ferðakostnaðarreikningurinn frá Nordica Inc stílaður á Baug hf. vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva hafa verið útgefinn þann 14.07.1999 og virðist kortanotkun hann hafa verið innheimt með þeim hætti allt frá þeim tíma þar til Tryggvi hætti að nota umrædd greiðslukort. Tryggvi er beðinn um að skýra þetta, sérstaklega í ljósi þess að við fyrri yfirheyrslu varðandi þetta greiðslukort hafi Tryggvi skýrt frá því að hann hafi ekki fengið neinar rukkanir varðandi

greiðslukortanotkunina fyrr en í ágúst 2000 og minnst þess ekki að Jón Gerald hafi sent honum eða Baugi hf. reikninga fyrir þann tíma.

1999- 2002 - Kort nr. 3782-00167-02515

Dags. yfirlits	Kort TJ á yfirliti (USD)	Reikningur Nordica Inc til Baug-Group	Upphæð reiknings (USD)
23. júní 1999	156,17	99059	358,80
23. júlí 1999	171,46	99072	171,46
22. nóvember 1999	329,58	99107	329,58
23. janúar 2000	181,79	Greiðslumáti óþekktur	
22. febrúar 2000	195,55	Greiðslumáti óþekktur	
23. mars 2000	548,90	49	548,90
22. apríl 2000	208,67	Greiðslumáti óþekktur	
22. maí 2000	33,74	Greiðslumáti óþekktur	
22. júní 2000	249,46	Greiðslumáti óþekktur	
22. ágúst 2000	2.220,76	95	2.220,00
22. september 2000	603,31	108	638,31
23. október 2000	260,73	5	270,00
22. nóvember 2000	96,45	Greiðslumáti óþekktur	
23. janúar 2001	2.333,33	26	2.333,33
22. febrúar 2001	22,60	77	3.813,23
24. mars 2001	3.778,23		
23. apríl 2001	120,89	Greiðslumáti óþekktur	
23. maí 2001	49,72	Greiðslumáti óþekktur	
22. júní 2001	1.525,78	169	1525,78
23. júlí 2001	177,83	Greiðslumáti óþekktur	
22. ágúst 2001	415,55	199	445,55
22. september 2001	1.209,99	206	1.209,99
23. október 2001	247,04	239	247,00
23. nóvember 2001	390,52	247	458,81
23. desember 2001	68,29		
23. janúar 2002	313,58	254	313,58

Tryggvi segir að þeim Jóni Ásgeiri hafi þótt eðlilegra að þessi kostnaður væri innheimtur með þessum hætti, þ.e. að innheimta kostnaðinn hjá Baugi en ekki Gaumi, enda hafi kostnaðurinn vegna greiðslukortanotkunar Tryggva að stærstum hluta varðað Baug.

Tryggvi tekur það fram að í árslok 1999-2000 hafi Baugur innheimt þennan kostnað hjá Gaumi ehf með útgáfu sérstaks reiknings og hafi hluti þeirrar fjárhæðar varðað þennan ferðakostnað. Þannig hafi þessi kostnaður í raun endað hjá Gaumi ehf fram að þeim tíma, um áramótin 1999-2000.

Nánar aðspurður um ástæðu þess að Gaumur ehf var að greiða þennan kostnað þá kveðst Tryggvi ekki muna nákvæmlega ástæðu þess. Væntanlega hafi það verið vegna þess að Jón Ásgeir hafi talið það eðlilegra.

Tryggva er kynnt að þeir reikningar sem bornir hafa verið undir hann við þessa yfirheyrslu hafa ýmist verið bókaðir á reikningslykilinn F39262 "Ferðakostnaður án vsk" í bókhaldi Baugs, eða á reikningslykilinn F37412 "Tæknileg aðstoð án vsk" í bókhaldi Baugs. Í ljósi þess að mjög óaðgengilegt er að finna þessa reikninga í bókhaldi Baugs-Group hf er Tryggvi spurður hvort hann geti gert grein fyrir því hvernig staðið hafi verið að greiðslu þeirra greiðslukortareikninga sem ekki hafa fundist í bókhaldi Baugs-Group sem ferðakostnaðarreikningar, sérstaklega í ljósi þess að Tryggvi hefur skýrt frá því að hann hafi í tvö skipti greitt Jón Gerald persónulega og að Jón Gerald kannast ekki við að hafa fengið neinar persónulegar greiðslur frá Tryggva og hefur skýrt það svo að hann hafi innheimt alla þessa reikninga með sama hætti.

Tryggvi segir að almenna fyrirkomulagi hafi verið það að Nordica Inc hafi gert reikninga á Baug sem settir hafi verið í greiðsluferli þá þegar. Hann kveðst ekki kunna skýringu á þeim greiðslukortareikningum þar sem greiðslumáti er óþekktur. Aðspurður kveðst Tryggvi ekkert vita um færslumáta þessara reikninga í bókhaldi Baugs, þ.e. hvort þeir voru færðir á aðra reikningslykla en Ferðakostnað eða Tæknilega aðstoð.

Tryggvi er spurður að ástæðu þess að þessi greiðslukortanotkun hans hafi verið innheimt með þessum hætti, þ.e. fyrst um sinn með reikningum útgefnum á Gaum ehf en síðar með reikningum útgefnum á Baug hf. Ekki er að sjá að Tryggvi hafi greitt persónulega þessi útgjöld er vörðuðu þessa greiðslukortanotkun hans.

Tryggvi segir að sá kostnaður sem hafi varðað hann persónulega hafi hann átt að greiða beint til Jóns Gerald's úti á Miami. Jón Gerald hafi ekki átt að setja þann kostnað inn á þessa ferðakostnaðarreikninga. Tryggvi kveðst ekki kunna neina skýringu á því að Jón Gerald hafi innheimt hans persónulega kostnað með ferðakostnaðinum, það hafi hann ekki átt að gera.

Tryggva er kynnt að lögregla hafi óskað eftir upplýsingum frá Baugi-Group hfi varðandi ferðakostnað Tryggva og þau greiðslukort sem hann hafði til umráða í störfum sínum fyrir Baug-Group hf. Tryggva er kynnt að það hafi vakið athygli að hann virðist hafa haldið vel utan um þau útgjöld sem hann stofnaði til með þeim greiðslukortum sem hann hafði til umráða hjá Baugi-Group hf. Tryggvi er spurður að ástæðu þess að hann hafi ekki gert slíkt hið sama varðandi greiðslukortanotkun hans með American Express greiðslukortinu.

Tryggvi segir að ástæðan sé sú að rukkun vegna American Express greiðslukortanotkun hans hafi borist til Nordica Inc og Jón Gerald séð um að innheimta þann ferðakostnað.

Tryggva er kynnt að rannsökurum þyki þessi skýring hans ekki haldbæra, Tryggvi sem löggiltur endurskoðandi, viti að hann hafði í hendi sér sjálfur að halda utan um þessi útgjöld. Hann stofnaði til þeirra, hann undirritaði greiðslukortakvittanirnar og hafði fullt vald á því að óska eftir reikningi í hvert eitt sinn. Tryggvi er spurður að ástæðu þess að hann hafi ekki gert það með þeim hætti, eins og hann virðist hafa gert með þau greiðslukort sem hann hafi haft til umráða í störfum sínum hjá Baugi.

Tryggvi segir að það sé gott að vera vitur eftir. Auðvitað hefði verið best að stofna aldrei þennan greiðslukortareikning hjá American Express. Það hafi hann hins vegar gert og því verði ekki breytt.

Tryggva er kynnt að með útgáfu á reikningi frá Nordica nr. 77, sem dagsettur er þann 05.04.2001, að fjárhæð USD. 3.813,23 og stílaður á Baug með skýringunni "Travel expenses for March 2001", var í raun verið að innheimta kostnað vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar. Hluti þeirra kostnaðarliða sem varða reikning nr. 77 frá Nordica Inc er vegna persónulegra kaupa Tryggva Jónssonar á sláttuvélartraktor og fylgihlutum þess í verslun Sears Roebuck á Miami í Flórída. Um er að ræða eftirfarandi kostnaðarliði:

Verzlun	Lýsing á vörum	Fjárhæð	Dagsetning
335 Sears Roebuck Miami FL	Lawn/Garden/Patio	23,96	10.03.2001
335 Sears Roebuck Miami FL	Lawn/Garden/Patio	774,97	10.03.2001
335 Sears Roebuck Miami FL	Lawn/Garden/Patio	2.753,82	10.03.2001
301 Sears Roebuck 800 AL	Parts-Over Counter	<u>133,07</u>	10.03.2001
		3.685,82	

Við innflutning á þessum vörum til Íslands var umræddum kostnaðarliðum bætt inn á vörureikning frá Nordica Inc sem stílaður var á Aðföng. Um er að ræða reikning Nordica Inc. nr. 24 sem dagsettur er þann 04.04.2001 að heildarfjárhæð USD. 29.436,49. Á umræddum reikningi má finna sundurliðun á kostnaði er varðar Craftsman sláttuvélar traktor, samtals að fjárhæð USD. 2.702,97.

Tryggva er kynnt að Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, hafi verið yfirheyrður í tilefni af þessum innflutningi á sláttuvélartraktornum. Hann hafi skýrt frá því að starfsmenn Aðfanga hafi séð um að tollafgreiða sláttuvélina og fylgihluti hennar byggt á vörureikningi Nordica Inc nr. 24. Aðföng greiddi aðflutningsgjöld varðandi alla vörusendinguna en aðflutningsgjöldin varðandi sláttuvélina og fylgihluti hennar var samtals kr. 31.054,-. Sá kostnaður var ekki færður á viðskiptamannareikning Tryggva Jónssonar og sú fjárhæð er ekki til í bókhaldi Aðfanga sem ógreidd krafa.

Nordica Inc gaf síðar út kreditreikning varðandi þann kostnaðarlið reikningsins Nordica Inc nr. 24, sem snéri að sláttuvélinni og fylgihlutum hennar. Það varð gert með kreditreikningi nr. 4 frá Nordica Inc sem dagsettur er þann 01.05.2001, samtals að fjárhæð USD 2.702,97. Á þeim kreditreikningi má sjá tilvísun í reikning Nordica Inc. nr. 24.

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa í ljósi fyrri framburðar hans um innflutninginn á sláttuvélartraktornum og fylgihlutum.

Tryggvi kveðst ekki hafa séð framburð Lárúsar varðandi þennan innflutning. Hann kveðst sjálfur hafa fengið aðrar upplýsingar frá Lárusi varðandi þennan reikning og kreditreikning frá Nordica Inc. Tryggvi segir það alveg ljóst að hann hafi ekki ætlað að láta Baug greiða fyrir þennan traktor og þetta hafi átt að innheimta hjá honum en ekki Baugi eða Aðföngum. Tryggvi segir best að hann taki saman greinargerð um þessi viðskipti og afhenti rannsóknurum.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Tryggvi kveðst vilja taka það fram að lokum að við starfslok hans hjá Baugi hafi verið farið yfir þessa greiðslukortareikninga frá American Express og aðra þá þætti sem vörðuðu hann persónulega, m.a. inneign hans hjá Baugi. Þetta hafi allt verið gert upp og kveðst Tryggvi því skuldlaus við Baug samkvæmt sérstöku samkomulagi við Baug.


Tryggvi kveðst nú ekkert fleira hafa um þetta að segja.

Yfirheyrslu lauk kl. 13⁰⁰.


Upplesið staðfest rétt eftir haft:


Tryggvi Jónsson

Skýrsluna skráði:


Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur yfirheyrsluna:


Andri Arnason, hrl


Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir	Mál nr.		
Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn	006-2002-0086		
Staður og stund:		V/1.13	
Reykjavík 26. apríl 2005, kl. 10.10.			
Sakarefni:	Ætlaður fjárdráttur og/eða umboðssvik, brot á ákvæðum hlutafélagalaga og ákvæðum laga um ársreikninga og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga.		
Sakborningur/grunaður:	Kennitala:		
Tryggvi Jónsson	140755-2739		
Starf/staða:	Vinnusími:		
Lögheimili:	Sími:		
Vesturhús 22, 112 Rvík	567 6363 / 691 8888		
Dvalarstaður:	Sími:		

Tryggvi er mættur skv. boðun á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans. Með honum er skipaður verjandi hans, Andri Árnason, hrl. Tryggva er kynnt að til standi að yfirheyra hann um ætluð auðgunarbrot og óheimilar lánveitingar í tengslum við færslur á viðskiptareikninga hjá Baugi Group hf. en um þau efni var Tryggvi yfirheyrdur síðast 4. og 5. apríl 2003. Þær skýrslur liggja frammi.

Tryggva er kynnt að sem sakborningur eigi hann rétt á því að kjósa að tjá sig ekki um ætlað sakarefni en brýnt er fyrir honum að segja satt og rétt en draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Starfsreglur stjórnar Baugs hf. m.a. um viðskipti félagsins við tengda aðila:

Fyrir Tryggva er lagt skjal II/23.15 – starfsreglur stjórnar Baugs hf. og stjórnenda sem samþykktar voru á stjórnarfundum félagsins þann 7. janúar 1999. Hann er spurður hvort hann kannist við þessar reglur og beðinn að gera grein fyrir aðdraganda og tilgangi með setningu þeirra.

Tryggvi segist kannast við þessar reglur þegar hann sér þær. Hann segist ekki muna sérstaklega eftir ákvæðum reglnanna en muna eftir umræðum sem tengdust eignatengslum eigenda Baugs hf. og annarra félaga og telja að reglurnar hafi m.a. verið settar í þeim tilgangi að skerpa á þeim atriðum. Í framhaldi af setningu reglnanna segist hann muna að Íslandsbanki hafi verið látinn meta einhverjar af eignum Jóns Ásgeirs í Ferskum kjötvörum eða lyfjabúðum sem hann síðan losaði sig við til þess að slíta á eignatengsl.

Tryggvi er spurður hvort unnið hafi verið eftir þessum reglum.

Hann segist telja að unnið hafi verið eftir þessum reglum.

Tryggvi er spurður hvort gerðar hafi verið breytingar á þessum reglum.

Hann segist ekki minnst þess en verið geti að breytingar hafi verið gerðar án þess að hann hafi verið á þeim fundum.

Tryggva er tjáð að fyrir liggja að í mörgum tilfellum hafi viðskipti við tengda aðila ekki verið borin undir stjórn. Hann er spurður hvernig hafi staðið á því.

Hann segist telja að það geti verið ýmsar lögmatar ástæður fyrir því, verið geti t.d. að rætt hafi verið munnlega við stjórnarformanninn, ekki hafi verið tími til að bera málið undir stjórnina o.s.frv.

06614

Tryggvi er spurður hvort Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hafi haft eitthvert hlutverk í fjárfestingastefnu Baugs hf. / Baugs Group hf.

Tryggvi segist ekki muna eftir formlegri eða skriflegri fjárfestingastefnu Baugs og ekki muna til þess að nein sérstök ákvörðun hafi verið tekin um að Gaumur spilaði tiltekið hlutverk í fjárfestingum Baugs.

Tryggvi er spurður hvort einhvern tímann hafi verið litið á Gaum ehf. sem móðurfélag Baugs hf. / Baugs Group hf.

Hann segir að ekki hafi verið litið á Gaum sem móðurfélag þar sem Gaumur átti ekki meirihluta og gat því ekki verið móðurfélag. Hins vegar hafi verið miklir hagsmunir á milli félaganna þar sem Gaumur var einn af stærstu hluthöfunum. Aðspurður segist Tryggvi ekki minnst þess að umræða hafi verið innan Baugs um að Gaumur væri móðurfélag Baugs.

Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.

Viðskiptareikningur Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir stofnun viðskiptareiknings Gaums í bókhaldi Baugs, tilgangi með stofnun reikningsins og hvaða viðskipti færa átti á reikninginn.

Tryggvi segist ekki minnst þess að þessi viðskiptareikningur hafi verið stofnaður við eitthvert sérstakt tilefni eða í ákveðnum tilgangi. Það hafi því ekki legið nein sérstök ástæða fyrir því hvaða viðskipti áttu að færast á þennan viðskiptareikning.

Tryggvi er spurður hver og hvernig ákvarðanir hafi verið teknar um það hvaða viðskipti voru færð á viðskiptareiknings Gaums í bókhaldi Baugs.

Hann segir að sama hafi gilt fyrir þennan viðskiptareikning eins og almennt gildi um viðskiptareikninga að reikningar sem viðkomandi viðskiptamaður á að greiða eru færðir inn á viðskiptareikninginn. Hann segir að sér hafi ekki verið kunnugt um að neinar sérstakar reglur giltu um þennan viðskiptareikning umfram almennar bókhaldsreglur.

Samantekt um ætlaðar ólögmætar lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf. á tímabilinu 30. september 1998 til 30. september 2001:

Tryggva er kynnt að fyrir liggja niðurstaða rannsóknara á ætluðum ólögmætum lánveitingum Baugs hf. til Gaums ehf. á fyrrgreindu tímabili. Honum er kynnt samantekt á Excel-skjali sem merkt er "Lánveitingar Baugs Group hf. til Gaums ehf. – Ætlaðar ólögmætar lánveitingar og auðgunarbrof" dags. í mars 2005. Frammi liggur hreyfingalisti viðskiptareiknings Gaums í bókhaldi Baugs, svo og fylgigögn úr bókhaldinu á bak við hverja færslu.

Tryggvi verður nú beðinn að gera grein fyrir hverri og einnig færslu.

Liður 1, a: Reikningar vegna útlagðs kostnaðar, sem Baugur gerði á Gaum, samtals fjárhæð kr. 7.919.757,00:

Skýring	Samt fjárhæð	Dags færslu	Dags endurgreiðslu	Staða á vskr fyrir færslu
Gagnabanki Íslands R6824	399.807	30.09.1998	20.05.2002	0

Almennt segir Tryggvi um reikninga sem eru undir lið 1,a í Excel-samantektinni sem honum er kynnt að hann kannist ekki við þá. Hann segir að reikningar sem þessir séu allt tiltölulega lágir reikningar sem virðast varða Jón Ásgreir eða Gaum. Í þessum tilfellum segist Tryggvi ekki hafa komið að samþykkt reikninganna eða færsluferli þeirra á nokkurn hátt, það hljóti Jón Ásgeir að hafa gert þar sem þeir varði hann eða Gaum.

Tryggvi skoðar hreyfingalista viðskiptareikningsins og fylgiskjalið úr bókhaldi Baugs sem þessi færsla á við.

Hver tók ákvörðun um þessa lánveitingu af hálfu Baugs og hvert var tilefni hennar?

Hann segist ekki vita það hann, þekki ekki þennan reikning enda hafi reikningurinn ekki farið í gegn um hendur hans.

Hver getur hafa tekið ákvörðun um að þessi reikningur hafi verið færður á viðskiptareikning Gaums.

Tryggvi segir að reglan hafi verið sú að sá sem stofnaði til reikningsins hafi átt að kvitta á hann og taka ákvörðun um greiðslu eða færslu. Hann segist ekki hafa stofnað til þessa reiknings.

Var stjórn Baugs gerð grein fyrir þessari lánveitingu?

Hann segist ekki vita það. Hann bendir á að fjárhæðin sé það lág að almennt eigi slíkt varla erindi til stjórnar þrátt fyrir slíkar starfsreglur.

Skýring	Samt fjárhæð	Dags færslu	Dags endurgreiðslu	Staða á vskr fyrir færslu
Hagstofa Íslands	1.623	06.11.1998	20.05.2002	12.849.807

Tryggvi skoðar hreyfingalista viðskiptareikningsins og fylgiskjalið úr bókhaldi Baugs sem þessi færsla á við.

Hver tók ákvörðun um þessa lánveitingu af hálfu Baugs?

Tryggvi segist vísa í svör sem hann gaf við fyrsta reikningum að fjárhæð kr. 399.807 í þessum kafla sem honum var kynntur.

Skýring	Samt fjárhæð	Dags færslu	Dags endurgreiðslu	Staða á vskr fyrir færslu
Reikningur SR01441	462.289	01.05.2000	20.05.2002	144.006.671

Tryggvi skoðar hreyfingalista viðskiptareikningsins og fylgiskjalið úr bókhaldi Baugs sem þessi færsla á við.

Hver tók ákvörðun um þessa lánveitingu af hálfu Baugs?

Tryggvi segist vísa í svör sem hann gaf við fyrsta reikningum að fjárhæð kr. 399.807 í þessum kafla sem honum var kynntur.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir ástæðum þess að þessi viðskiptareikningur var stofnaður og að svo stórar fjárhæðir söfnuðust á hann.

Tryggvi segir að reikningur hafi sennilega verið stofnaður með sama hætti og aðrir viðskiptareikningar, þ.e. þegar fyrsti reikningurinn hafi borist vegna útgjalda sem ekki hafi átt að lenda á Baugi hf. Tryggvi segir að ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun um stofnun reikningsins.

Tryggvi er spurður hvort gilt hafi einhverjar innri reglur um færslur á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs?

Tryggvi segir að engar sérreglur hafi gilt um það.

Tryggvi er spurður með hvaða hætti hafi verið ákveðið að færa tiltekna fjárhæðir á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Tryggvi segir að fyrir því geti verið tvær ástæður. Sú fyrri er sú að fullnægjandi fylgiskjöl hafi ekki fylgt útgjöldum t.d. varðandi ferðakostnað þá var viðkomandi reikningur færður á viðskiptareikning viðkomandi og síðan bakfærður ef fullnægjandi fylgiskjöl bárust. Tryggvi segir að oft hafi borið á því að Jón Ásgeir hafi ekki skilað fullnægjandi fylgiskjöllum á tilsettum tíma og því hafi kostnaður lent á hans viðskiptareikningi sem í raun tilheyrði félaginu. Önnur ástæða gæti verið færslur sem Jón Ásgeir stofnaði til og ákvað að skyldu færðar á hans viðskiptareikning en slíkt er ekki óalgengt upp að vissu marki hjá fyrirtækjum.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi áritað kostnaðarreikninga sem Jón Ásgeir framvísaði í Baugi og voru eignfærðir á viðskiptareikning hans.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess. Tryggvi segir að sú regla hafi gilt hjá Baugi hf. að sá sem stofnaði til útgjalda áritaði hann sjálfur óháð því hvernig sá reikningur var færður í bókhaldi félagsins.

Tryggvi er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um að færa lánveitingar eða önnur viðskipti á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Tryggvi segir að Jón Ásgeir hafi tekið þær ákvarðanir sjálfur eða bókhald/fjármálasvið ef um ófullnægjandi fylgiskjal var að ræða.

Tryggvi er spurður hver hafi séð um að bóka viðskiptin í bókhaldskerfi aðalskrifstofu Baugs og eftir hvaða fyrirmælum viðkomandi hafi farið.

Tryggvi segir að bókarar hafi séð um að bóka viðskiptin í samræmi við þær áritanir sem fram komu á fylgiskjöllum.

Tryggvi er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um fjárhæðir sem færðar voru á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Tryggvi kveðst ekki vita það.

Tryggvi er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um stöðu á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs frá árinu 1998.

Tryggvi kveðst ekki þekkja það.

Tryggvi er spurður hvort komið hafi til greina að gera stjórninni grein fyrir stöðu á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs í ljósi reglna stjórnar um viðskipti Baugs hf. við tengda aðila.

Tryggvi segir að um hafi verið að ræða mál Jóns Ásgeirs sem verið hafi forstjóri félagsins. Tryggvi segir að hans ákvarðanir hafi ekki verið á sinni könnu.

Tryggvi er spurður hvaða tilraunir hafi verið gerðar til að innheimta kröfu Baugs hf. á hendur Jóni Ásgeiri skv. stöðu á viðskiptareikningi hans hjá Baugi hf.

Tryggvi kveðst vísa til síns fyrra svars varðandi innheimtu á skuld skv. viðskiptareikningi Gaums ehf.

Tryggvi er spurður hvort gert hafi verið samkomulag á milli Jóns Ásgeirs og Baugs hf. þess efnis að afkomutengdar launagreiðslur til hans skv. starfssamningi eða peningalegt virði kaupréttar hans í hlutabréfum félagsins yrði við uppgjör fært til jöfnunar á uppsafnaðri skuld á viðskiptareikningi hans.

Tryggvi kveðst ekki vita þetta enda kveðst hann ekki komið að samningum við Jón Ásgeir um kjör hans. Tryggvi segir að hann muni til þess að Jón Ásgeir hafi nefnt það í umræðum þeirra á milli um stöðu á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs að hann teldi sig eiga meira inni hjá Baugi hf. en hann skuldaði félaginu, m.a. vegna kaupréttarákvæða í starfssamningi.

Tryggvi er spurður hvort bónusgreiðslur og kaupréttir sem starfsmenn Baugs hf. fengu hafi almennt farið inn á viðskiptareikninga þeirra hjá félaginu.

Tryggvi segir svo ekki hafa verið í sínu tilvikum en Tryggvi segir að í einhverjum tilvikum hafi færslur verið með þeim hætti.

Tryggvi er spurður hvort Jón Ásgeir hafi haft heimild til þess að láta færa persónulegan kostnað á viðskiptareikning hjá Baugi hf. vegna óuppperðra kaupréttarheimilda skv. starfssamningum.

Tryggvi kveðst ekki þekkja þetta.

Tryggva er kynnt að Jón Ásgeir hafi greint lögreglunni frá því að ýmis kostnaður sem hann greiddi fyrir Baug, hafi um stundarsakir verið færður á viðskiptareikning hans, sem eins konar biðfærsla, meðan ekki lágu fyrir fullnægjandi fylgiskjöl og skýringar fyrir kostnaðinum að mati þeirra sem ábyrgð báru á færslu bókhalds félagsins.“

Tryggvi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir því sem Jón Ásgeir er að vitna hér í.

Tryggvi segir að þetta sé rétt hjá Jóni Ásgeir eins og fram hafi komið fyrir í þessari yfirheyrslu.

Tryggvi er spurður hvort kostnaður sem um stundarsakir hafi verið færður á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs, sbr. ofangreindan texta, hafi verið kostnaður sem hann hafi stofnað til í þágu Baugs hf.

Tryggvi segir að hafi slíkt verið gert um stundarsakir hafi það verið í þágu Baugs hf.

Tryggvi er spurður hvort biðfærsla á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs, sbr. tilvitnaðan texta, hafi verið leiðrétt síðar, þ.e. hvort kostnaður sá sem Jón Ásgeir hafi stofnað til í þágu Baugs hf. og færður hafði verið tímabundið á viðskiptareikning hans sjálfs hjá félaginu hafi verið færður síðar á viðeigandi kostnaðarreikninga í bókhaldi Baugs hf.

Tryggvi kveðst vænta þess að svo hafi verið gert jafn óðum og Jón Ásgeir lagði fram fullnægjandi fylgiskjöl.

Tryggva er kynnt að 11. október 2002 hafi efnahagsbrotadeild borist greinargerð innra eftirlits Baugs hf. Í greinargerðinni hafi verið eftirfarandi texti: „Útlagður kostnaður á viðskiptakorti er að stórum hluta bókaður á forstjóran en er klárlega rekstarkostnaður, svo sem leiga á íbúð í London vegna verkefna á vegum félagsins, ýmis hótélkostnaður, risna vegna viðskiptafunda ofl. Ástæða þessa liggur meðal annars í því að áritun um tilgang reiknings hefur vantað, frumrit fylgiskjals ekki verið til staðar eða að um mistök hafi verið að ræða. Síðar hefur ekki gefist tími til að fara yfir reikningana og fyrirtækið því látið njóta vafans. Þessi í stað hefur forstjóri fengið greiðslur um kr. 8,0 milljónir í skiptum sem að stærstum hluta má rekja til langdvalar forstjóra og annarra stjórnenda erlendis.“

Tryggvi er spurður hvað átt sé við í nefndum texta þegar notað er orðalagið „... og fyrirtækið því látið njóta vafans.“

Tryggvi segir að ef ekki hafi legið fyrir fullnægjandi fylgiskjöl sem sönnuðu réttmæti kostnaðarins hafi viðkomandi færsla verið færð á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs svo og annarra starfsmanna Baugs hf. sem eins var ástatt fyrir.

Tryggvi er spurður hvort leikið hafi vafi á því að þessi kostnaður tilheyrði Baugi hf.

Tryggvi segir að ekki hafi almennt verið vafi um að kostnaðurinn tilheyrði Baugi hf.

Tryggvi er spurður hvað átt sé við í nefndum texta þegar notað er orðalagið „Þessi í stað hefur forstjóri fengið greiðslur um kr. 8,0 milljónir í skiptum sem að stærstum hluta má rekja til langdvalar forstjóra og annarra stjórnenda erlendis.“

Tryggvi kveðst vísa til höfundar greinargerðar innra eftirlits Baugs hf. um þetta atriði.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi sjálfur komið að því að Jón Ásgeir hafi fengið kr 8 milljónir greiddar á þann hátt sem forstöðumaður innra eftirlits Baugs hf. greinir frá.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess enda kveðst Tryggvi almennt ekki hafa haft afskipti af viðskiptareikningi framkvæmdastjóra félagsins enda ekki í hans verkahring.

Tryggva er nú kynnt að rannsóknari hafi lokið formlegri yfirheyrslu.

Tryggvi er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.


Tryggvi kveðst ekki hafa neinar sérstakar athugasemdir fram að færa.

Tryggvi les nú yfir framburð sinn.


Tryggvi hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasemdum.

Skýrslutöku lauk kl. 17:40


Upplesið og staðfest:


Tryggvi Jónsson

Skýrslu skráði:


Grímur Grímsson

Verjandi Tryggva:


Andri Arnason, hrl.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	R L S	
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	V / 1.15	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, fimmtudaginn 28. apríl 2005, kl. 11:45			
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur og/eða umboðssvik, brot á ákvæðum hlutafélagalaga og ákvæðum laga um ársreikninga og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga.			
Sakbomingur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739		
Starf/staða:	Vinnusími:		
Lögheimili: Vesturhús 12, Reykjavík	Sími: 567 6363/691 8888		
Dvalarstaður:	Sími:		

Tryggvi er mættur á ný skv. boðun á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans. Með honum er skipaður verjandi hans, Andri Árnason, hrl. Tryggva er kynnt að fyrir liggi að yfirheyra hann um ætluð auðgunarbrot og óheimilar lánveitingar í tengslum við færslur á viðskiptareikninga hjá Baugi hf.

Tryggva er kynnt að honum sé óskilyt að tjá sig um ætlað sakarefni en brýnt er fyrir honum að kjósi hann að tjá sig að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Frammi liggja fyrri framburðarskýrslur Tryggva, útprentun hreyfingalista viðskiptareiknings Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. og samantekt rannsóknara í Excel-skjali um ætlaðar ólögmetar lánveitingar.

Einnig liggja frammi útprentanir tölvupósta sem afritaðir voru úr tölvu Tryggva, sem lagt var hald á í húsleit á starfsstöð Baugs hf. þann 28. ágúst 2002. Þá liggur frammi samantekt á þeim tölvupóstum, skjal II/35.1. Tryggva er kynnt þessi samantekt og útprentanirnar. Til annarra gagna verður vísað eins og þurfa þykir.

S

J

06639

Viðbótarspurningar vegna uppgjors á kröfum Gaums ehf., Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Kristínar Jóhannesdóttur og Jóhannesar Jónssonar með víxli dags. 20. maí 2002, sem greiddur var 5. september 2002.

Eftirfarandi tölvupóstsamskipti Tryggva og Jóhönnu Waagfjörð, fjármálastjóra, eru kynnt Tryggva. Samskiptin áttu sér stað þann 9. ágúst 2002.

09-08-2002	TJ til JW RE: Vaxtareiknað viðsk.kröfur	Tölva TJ: Inbox	<p>Þessi tölvupóstsamskipti byrja á því að TJ er að svara eftirfarandi pósti frá JW frá 22. apríl 2002:</p> <p><i>Hér eru vaxtareiknaðir viðskiptamenn sem tengjast JÁJ. Ég er einnig búin að reikna vexti vegna Kaupþings hvað er í gangi þarna?? Þeir eru alltaf að skuldajafna við okkur en skulda svo okkur allt þetta,,, eða hvað! Ég er ekki búin að bóka þetta en ég er búin að senda JÁJ þetta og vænti áthugasemda frá honum og þér.</i></p> <p><i>Kveðja, Jóhanna W</i></p> <p>Ég var að skoða sundurliðun frá KPMG vegna Gaums og tengdra aðila. Mér sýnist það vera nálægt hálfum milljarði (ekki 250 millj. eins og við höfum verið að skoða). Ég mun senda KPMG fyrirspurn út af þessu og læt þig fylgjast með.</p> <p>Eitt af því sem þú þarft að fríska minni mitt með. Á yfirlitinu sem þú sendir mér 22. apríl (sbr. póstinn að neðan) kom fram að Gaumur hafi greitt upp í skuld sína með Gildingarbréfum. Ég minnst þess ekki að hafa séð Gildingarbréf í okkar bókum. Geturðu kannað þetta fyrir mig?</p> <p>Á þessu stigi skulum við hafa þetta í trúnaði á milli okkar.</p> <p>Kveðja Tryggvi</p>
------------	---	-----------------	--

15-08-2002	JW til TJ RE: Vaxtareiknað viðsk.kröfur	Tölva TJ: Inbox	<p>Skv. Lindu þá var Gilding að greiða fyrir Gaum þessar 290.000.000 en ekki að kaupa sjálfir í Baugi. Leiðréttingin var ekki gerð fyrir en 13/2 þegar ógr hlutafé var gert upp og fært á viðskiptaskuld. Þannig að þessi greiðsla átti að lækka skuld Gaums vegna hlutafjárkaupa. Skuld Gaums við okkur er því um 245 millj kr skv bókhaldi. Inni í þeirri skuld er lánið sem tekið var hjá Straumi 100 millj kr sem við höfum ekki framlengt síðan í febrúar og Þórður hefur ekki en haft samband við mig út af. Ég er búin að vera að reyna að klára þetta hjá þeim en án árangurs en ég held því samt áfram.</p> <p>Kv JW</p>
------------	---	-----------------	---

Tryggvi er spurður hvort hann hafi muni eftir þessum tölvupóstsamskiptum.

Tryggvi segir að hann muni ekki sérstaklega eftir þeim en þau hafi augljóslega farið fram.

Tryggva er kynnt að samkvæmt framangreindum tölvupóstsamskiptum Jóhönnu og Tryggva, svo og framburðarskýrslum Jóhönnu hjá efnahagsbrotadeild hafi henni verið ókunnugt um annað en að kröfur á hluthafa og stjórnendur væru óuppgerðar allt til 5. september 2002 þegar Jón Ásgeir afhenti henni víxil að fjárhæð kr. 336.808.000.

Tryggva er kynnt að tölvupóstsamskipti á milli stjórnenda Baugs virðast benda til þess að stjórnendum félagsins hafi verið ókunnugt um að fyrir lá víxill, útgefinn af Gaumi ehf. sem greiðsla á viðskiptakröfum Gaums, Jóns Ásgeirs, Kristínar og Jóhannesar.

Tryggvi er spurður hvort það sé rétt að honum, og öðrum stjórnendum Baugs hf., hafi verið ókunnugt um víxilinn þangað til í september 2002.

Tryggvi kveðst vísa til svars síns frá því í yfirheyrslu í gær 27. apríl.

Tryggvi er spurður hvaða sundurliðun frá KPMG hann sé að vísa í, þar sem fram kemur að staða Gaums sé nálægt hálfum milljarði, sbr. tölvupóstur frá honum til Jóhönnu Waagfjörð.

Tryggvi segir að hann hafi væntanlega séð skjal frá KPMG vegna vinnu þeirra þá þó hann muni ekki eftir þessu skjali nú.

Tryggva eru kynntar útprentanir eftirfarandi tölvupóstssamskipta hans og Jóns Ásgeirs þann 13. apríl 2002.

13-04-2002	TJ til JAJ Subj: Lán til hluthafa og stjórnenda	Tölva TJ: Inbox	<p>Sæll Jón.</p> <p>Við ræddum um það á fundi fyrir skömmu hvort lán til Gaums væru í samræmi við lög eða ekki. Svona lítur þetta út:</p> <p>Í 104. gr. Hlutafélagalaganna segir:</p> <p>“Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélagi þess lán né setja tryggingu fyrir þá.”</p> <p>Þá kemur einnig fram í sömu grein að:</p> <p>“Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag.”</p> <p>Loks er búið að setja inn nýtt ákvæði í skattalög þar sem fram kemur að lán félags til hluthafa þess eða framkvæmdastjóra sbr. 104. gr. hlutafélagalaga, beri að skattleggja sem gjafir hjá þeim.</p> <p>Nauðsynlegt er því að við finnum nýjan flöt á stöðu á viðskiptareikningum, því auk þessa þá ber einnig að geta í ársreikningi fjárhæð lána til stjórnar og stjórnenda.</p> <p>Heyri frá þér. Kveðja Tryggvi</p>
13-04-2002	JAJ til TJ RE: Lán til hluthafa og stjórnenda	Tölva TJ: Inbox	<p>Tryggvi eins og ég hef margoft sagt þér mun yfirtakan á eignarhluta Gaums í Smáralind verða til þess að þessir reikningar verða á 0 punkti. Hef beðið Kaupþing að gera verðmat á þessum hlut. Er á bilinu 300-400 milljónir.</p> <p>Lít á þennan póst sem léttu hótun</p> <p>kv jaj</p>
13-04-2002	TJ til JAJ RE: Lán til hluthafa og stjórnenda	Tölva TJ: Inbox	<p>Jón.</p> <p>Þú mátt líta á hvað sem þú vilt sem léttu hótun. Í þessum pósti fólst þó ekkert annað en svar við því sem þú spurðir um á fundi okkar inni í stóra fundarherbergi fyrir nokkru. Þar vorum við að ræða þessa skuld og þú sagðir að þér kæmi það á óvart ef hún væri brot á lögum. Ákváðum við að ég mundi finna hvar þetta stæði í hlutafélagalögnum. Er það síðan orðin léttu hótun?</p> <p>Í póstinum var ég að segja að við (ekki þú) þyrftum að finna leiðir. Smáralindarpakkinn er stjórnarmál og mun því taka einhvern tíma. Þess vegna vildi ég fara aðra leið þegar þú fékkst 15 kallinn. Vantar enn gögn til að klára það. Sú leið er fær, dillinn síðan látinn ganga til baka og allir happi.</p> <p>.....</p>
13-04-2002	JAJ til TJ RE: Lán til hluthafa og stjórnenda	Tölva TJ: Inbox	<p>sammála fór aðeins og geyst eins og gerist oft á e-mail</p> <p>sorry</p> <p>jaj</p>

13-04-2002	TJ til JÁJ RE: Lán til hluthafa og stjórnenda	Tölva TJ: Inbox	Gerðist síðast hjá Össuri, eins og frægt er orðið. Ekkert mál, við klárum þetta eins og annað. Í gvus friði og mínum líka. Tryggvi
------------	--	-----------------	--

Tryggva er kynnt að samkvæmt fyrsta póstinum vitni hann í samtal hans sjálfs við Jón Ásgeir, forstjóra þar sem þeir hafi rætt um það hvort lán til Gaums væru í samræmi við lög eða ekki. Í framhaldi af tilvitnun í 104. gr. hlutafélagalaga vitnar Tryggvi í skattalög varðandi lánveitingar félags til hluthafa eða framkvæmdastjóra. Í framhaldi af því segir Tryggvi að nauðsynlegt sé að finna nýjan flöt á stöðu viðskiptareiknings Gaums. Þar á eftir tekur Tryggvi fram að það sé skylda að geta lánveitinga til stjórnar eða stjórnenda félaga í ársreikningi.

Tryggvi er spurður hvort hann sé í ofangreindum tölvupósti að vitna í stöðuna á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf.

Tryggvi segir að svo sé ekki heldur hafi þessi fundur verið tilkominn vegna kr. 100.000.000,00 greiðslu Baugs hf. til Gaums ehf. vegna kaupa Gaums ehf. í NRG. Tryggvi segir að á þessum tíma hafi honum ekki verið kunnugt um þessi viðskipti, þar sem hann hafi verið erlendis þegar greiðslan fór fram, og hafi hann óskað eftir fundi með Jóni Ásgeiri vegna þess. Tryggvi segir að í framhaldi ofangreindra póstsamskipta hafi Jón Ásgeir gert honum grein fyrir tilurð þessara greiðslu, þ.e. að hún hafi tengst NRG.

Tryggva er kynnt að Jón Ásgeir svari og segi Tryggva að yfirtaka Baugs á eignarhlut Gaums í Smáralind muni færa viðskiptareikning Gaums í bókhaldi Baugs á 0. Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir hvaða eignaviðskiptum Jón Ásgeir er að greina frá.

Tryggvi segir að Gaumur hafi verið hluthafi í Smáralind. Tryggvi segir að Baugur hafi rekið þar verslanir og því hafi verið rætt nokkrum sinnum að Baugur væri hluthafi í Smáralind en ekki Gaumur. Tryggvi segir að Jón Ásgeir sé að vísa til þess að sú eignasala fari fram frá Gaumi til Baugs.

Tryggva er kynnt að í næsta tölvupósti rifji hann upp fyrir Jóni Ásgeiri fund sem þeir áttu þar sem þeir ræddu „þessa skuld“.

Tryggvi er spurður hvort hann sé hér að vitna til skuldar Gaums ehf. á viðskiptareikningi í bókhaldi Baugs hf.

Tryggvi segir svo ekki vera heldur kr. 100.000.000,00 greiðslu frá Baugi til Gaums vegna kaupa Gaums í NRG.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi gert Jóni Ásgeiri grein fyrir því á þessum fundi að skuld Gaums væri hugsanlega brot á hlutafélagalögum, eins og hann virðist vera að rifja upp með Jóni Ásgeiri í þessum tölvupósti.

Tryggvi ítrekar að hann hafi sjálfur haft í huga greiðslu kr. 100.000.000,00 frá Baugi til Gaums þótt hann muni ekki hvort sú greiðsla hafi ekki komið fram á fundi hans með Jóni Ásgeiri, þ.a. tilvitnun hans til hlutafélagalaga eigi við um greiðslu að fjárhæð 100.000.000,00 dags. 18. maí 2001.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir því sem hann segir um að „Smáralindarpakkinn er stjórnarmál og mun því taka einhvern tíma.“

Tryggvi segir að hann sé að vísa til þess að Smáralindarsalan frá Gaumi til Baugs þurfi að fara fyrir stjórn Baugs til samþykktar og það sé ekki hægt að bíða eftir því ef greiðslan að fjárhæð kr. 100.000.000,00 sé brot á lögum um hlutafélög en Tryggvi segir að þegar skýring Jóns Ásgeirs vegna

Þessarar greiðslu hafi komið fram hafi hann talið að sú greiðsla væri ekki í bága við ákvæði laga um hlutafélög.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir orðum sínum þegar hann segist hafa viljað fara aðra leið *“þegar þú fékkst 15 kallinn. Vantar enn gögn til að klára það.”*

Tryggvi segir að hann muni ekki hvað hann er að meina með þessum orðum en segir að hann telji að hann hafi viljað kaupa eignir af Jón Ásgeiri eða Gaumi samkvæmt verðmati og Jón Ásgeir/Gaumur gæti síðar keypt aftur þær eignir ef vilji staði síðar til þess.

Tryggvi er beðinn að skýra hvaða leið hann sé að vitna til sem sé fær til að ganga frá stöðu Gaums gagnvart Baugi *“...dillinn síðan látinn ganga til baka og allir happi.”*

Tryggvi vísar til síns fyrra svars.

Viðbótarspurningar varðandi reikninga Baugs á Gaum í árslok 1999 vegna rekstrarkostnaðar Baugs:

Þann 31.12. 1999 voru þrjú reikningar dagsettir sem Baugur sendi á Gaum:

Kr. 4.000.000 “skrifstofuþjónusta”
 Kr. 6.000.000 “hlutdeild í launum forstjóra”
 Kr. 3.010.411 “ferðakostnaður”

Eftirfarandi tölvupóstur var afritaður út tölvu Tryggva sem haldlögð var í húsleit á starfsstöð Baugs þann 28. ágúst 2002.

24-08-2000	JAJ til TJ Subj.: Nokkur mál	Tölva TJ: Inbox	<p><i>“... Önnur mál sem ég hefði viljað að þú mundir clera við Lindu Arður 20 milljónir af Gaums arðinum fara inn á viðskiptareikning Lóð Arnarnesland við erum tilbúnir að taka lóðina til baka ef ekki gengur að fá breytt nýtingar hlutfall vegna ákvæða í okkar samningi við seljanda getum við rift samningi ef við náum ekki nýtingu upp á 0,6. Mín hugmynd Stodir taka yfir lán í LÍ 20 milljónir fara inn á viðskipta reikning Gaums hjá Baugi Rest í \$\$\$\$\$ Eins og við munum þá var ekki mikið á bak við þessa reikninga sem voru skrifaðir á Gaum frá Baugi síðast liðin áramót þannig að það væri gott ef við gætum klárað þetta svona.”</i></p> <p>(Viðhengi: Wordskjöl: áætlun til þriggja ára um kauprétt starfsmanna á hlutafé í Baugi.)</p>
------------	---------------------------------	-----------------	---

Tryggva er kynnt að þann 5. september 2000 hafi arður af hlutabréfum Gaums í Baugi að fjárhæð kr. 14.931.710 verið færður til lækkunar á stöðu viðskiptareiknings félagsins í bókhaldi Baugs sbr. fskj I00125.

Tryggva er kynnt að í tölvupóstinum vísi forstjóri Baugs hf., Jón Ásgeir, til ofangreindra þriggja reikninga samtals að fjárhæð kr. 13.010.411 og segir að ekki hafi staðið mikið á bak við þá.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvað forstjórinn eigi við með að lítið hafi staðið á bak við reikningana.

Tryggvi segir að hann telji að Jón Ásgeir sé að vísa til þess að nákvæmar útlistanir vantaði á því hvernig fjárhæðirnar voru ákvarðaðar. Tryggvi segir aðspurður að Jón Ásgeir hafi ekki verið að vísa til þess að reikningarnir væru tilhæfulausir. Tryggvi segir að reikningarnir að fjárhæð kr. 4.000.000,00 og 6.000.000,00 hafi verið ákvarðaðir af honum og hafi honum fundist þessar fjárhæðir sanngjarnar og síst of háar en hins vegar hafi verið um að ræða huglægt mat hans sjálf. Tryggvi segir að varðandi reikning vegna ferðakostnaðar að fjárhæð kr. 3.010.411,00 hafi verið um eina ferð með bankamenn að ræða sem

hann hafi lagt til við Jón Ásgeir að Gaumur greiddi og hafi Jón Ásgeir samþykkt alla þessa þrjá reikninga.

Tryggva er kynnt að fram hafi komið hjá honum að hann hafi sjálfur átt frumkvæði að því að þessir reikningar dags. 31.12. 1999 hafi verið gerðir á Gaum ehf.

Tryggvi er spurður hvaða vinna eða viðskipti hafi legið á bak við þessa þrjá reikninga

Tryggvi kveðst vísa til síns fyrra svars.

Eftirfarandi tölvupóstur var afritaður úr tölvu Tryggva sem haldlögð var í húsleit á starfsstöð Baugs þann 28. ágúst 2002.

03-11-2001	TJ til JAJ RE: Viðskiptakröfur	Tölva TJ: Inbox	<p>..Við þurfum að byrja að grynka á stabbnum til að Jóhanna haldi geðheilsu.</p> <p>1. Fjárfar skuldar 219 millj. Kaupin á Baugi.net verða bakfærð, síðan er meiningin að gefa út skuldabréf fyrir rest. Er ástæða til að Fjárfar sé hluthafi í TM? Eigum við að láta Baug taka þau bréf yfir upp í skuld, eða eru bréfin enn í fjármögnun hjá bankanum?</p> <p>2. Gilding er að fara að sofna. Við töluðum um fyrir margt löngu að láta þau ganga upp í skuld Gaums á genginu 1,0. best væri að klára það sem fyrst. Hvaða gögn/upplýsingar geturðu látið mig fá til að hægt sé að ganga frá samningum? Eru þau bréf uppgreidd, eða eru þau í fjármögnun einhvers staðar? Er Kristín með málið?</p> <p>3. Þú talaðir einnig um að láta þjónustureikninga vegna fyrri ára ganga að hluta til baka. Við þurfum að fara yfir þessa reikninga og ákveða nýjar fjárhæðir. Er Kristín með þá.</p> <p>...</p> <p>5. Nauðsynlegt er að þú og Jóhannes farið yfir viðskiptakröfur ykkar. Ég er nokkuð viss um að þar eru hlutir sem eiga að lenda á fyrirtækinu. Getur Kristín greitt sína skuld (sem er væntanlega vegna hlutabréfakaupa) með skuldabréfi til að koma henni út úr bókunum.</p> <p>..kveðja Tryggvi</p>
------------	--------------------------------------	-----------------	--

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við ofangreindan tölvupóst dags. 3. nóvember 2001.

Tryggi segir að hann rámi í hann.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvað hann eigi við í liðum 2. og 3. í ofangreindum tölvupósti.

Tryggvi segir að varðandi lið 2 að þarna sé verið að vísa til þess að Baugur kaupi bréf í Gildingum sem Gaumur átti á genginu 1,0 en ekki yfirverði þar sem félagið var ekki á markaði og lækkaði á móti skuld Gaums hjá Baugi. Tryggvi segir að vegna þess hver hratt fjaraði undan rekstri Gildingar hafi ekkert orðið af þessum viðskiptum.

Tryggva er nú kynnt útprentun á tölvupósti sem afritaður var úr tölvu hans í framhaldi af húsleit lögreglu á starfsstöð Baugs hf. 28. ágúst 2002. Tölvupósturinn er frá Jóni Ásgeiri til Tryggva og Kristínar Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Gaums ehf. og varamanns í stjórn Baugs.

24-01-2001	JAJ til KJ og TJ Subj: With a little help from friends	Tölva TJ: Inbox	Sæll. Ljóst að við verðum að fá hjálp frá Gaumi til að koma uppgjöri í rétt horf. 45 milljóna reikningur verður sendir á Gaum - 10 milljónir ferða kostnaður - 25 milljónir tölvuþjónusta - 10 milljónir annar óskilgreindur kostnaður Gaumur færir þetta á eignalykil 25 mills rest gjaldfært. Gaumur greiðir þetta þegar Baugur kaupir bréf af Gaumi í Arcadia einnig gerir þá Gaumur upp viðskiptareikning skuldabréf hjá Bónus og önnur smá mál.
------------	---	-----------------	--

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan tölvupóst frá Jóni Ásgeiri.

Tryggvi kveðst hafa séð þennan póst áður.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvað Jón Ásgeir eigi við með orðalaginu „... koma uppgjöri í rétt horf.“

Tryggvi kveðst ekki geta sagt til um það. Aðspurður kveðst Tryggvi ekki hafa leitað eftir upplýsingum frá Jóni Ásgeiri um við hvað hann átti. Tryggvi segir að hann telji að verið sé að höfða til þess að Baugur hafi borið kostnað sem Gaumur ætti að bera og það hafi þurft að leiðrétta til að koma uppgjöri í rétt horf. Tryggvi segir að legið hafi fyrir, eins og fram komi í póstinum, að Gaumur myndi greiða þessa reikninga þegar Baugur keypti bréf af Gaumi í Arcadia.

Tryggvi er spurður hvort þessir reikningar hafi veri gefnir út.

Þessir reikningar voru ekki gefnir út eins og þeir eru í tölvupóstinum en gefnir hafi verið út aðrir reikningar sem bókaðir voru þann 31. desember 2000. Aðspurður hvort um hafi verið að ræða tvo reikninga að fjárhæð kr. 15.000.000,00 hvor með textanum „launakostnaður árið 2000“ og „kostnaður yfirstjórnar“ segir Tryggvi að hann telji svo vera.

Tryggvi er spurður hvernig hafi verið staðið að útreikningi á grundvelli þessara reikninga.

Tryggvi segir að þessir reikningar hafi verið ákvarðaðir af Jóni Ásgeiri og eftir hans mati.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi samþykkt fyrir sitt leyti að þessir reikningar yrðu gefnir út.

Tryggvi segir að honum hafi þótt eðlilegt að Gaumur tæki á sig kostnað sem Baugur hefði greitt en Tryggvi kveðst ekki hafa lagt neitt mat á fjárhæðir reikninga.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir því sem forstjórinn segir í tölvupóstinum um að Gaumur muni greiða reikningana þegar Baugur kaupir bréf af Gaumi í Arcadia en þá muni Gaumur einnig gera upp viðskiptareikning sinn.

Tryggvi segir að til hafi staðið að Baugur yrði aðalhluthafinn í Arcadia og hafi sú orðið raunin. Tryggvi segir að forstjórinn sé að vísa til þess að þessi reikningar verði greiddir innan skamms tíma eða þegar viðskiptin með bréf í Arcadia hefðu gengið í gegn.

Tryggvi er spurður hvenær það hafi síðan gerst að Gaumur seldi Baugi bréfin í Arcadia.

Tryggvi kveðst ekki muna hvenær þessi kaup hafi farið fram en kveðst halda að það hafi verið um svipað leyti og tölvupósturinn er skrifaður. Tryggvi kveðst ekki hafa komið að þeim viðskiptum.

Tryggva er kynnt að fyrir liggi að Gaumur gerði hvorki upp reikningana né aðrar kröfur á viðskiptareikningi í bókhaldi Baugs fyrr en eftir að lögregla gerði húsleit í starfsstöð Baugs þann 28. ágúst 2002.

Tryggvi er spurður hvers vegna sú áætlun forstjórans sem fram kemur í tölvupóstinum hafi ekki gengið eftir.

Tryggvi kveðst ekki hafa komið að þessum viðskiptum með bréf í Arcadia á milli Baugs og Gaums og því ekki geta svarað þessu.

Lánveiting til Jóns Geralds Sullenberger til hlutafjárkaupa:

Tryggva er kynnt að fyrir liggi að lánveiting til Jóns Geralds Sullenberger vegna hlutabréfakaupa hans í Baugi hf. hafi staðið ógreidd í nokkur ár á viðskiptareikningi hans hjá félaginu.

Tryggvi er spurður hvernig það hafi komið til að Jóni Gerald var veitt lán til hlutabréfakaupa.

Tryggvi segir að um hafi verið að ræða samkomulag á milli Jóns Ásgeirs og Jóns Geralds þess efnis að Jón Gerald gerðist hluthafi í Baugi. Ekki hafi annað staðið til en Jón Gerald greiddi þessi bréf en fjárhagsstaða hans hafi sennilega ekki leyft það. Tryggvi segir að hann minni að umræða hafi verið um að þessi viðskipti væru látin ganga til baka en kveðst ekki þekkja hvort það hafi gerst.

Tryggvi er spurður hver hafi veitt þetta lán.

Tryggvi segir að með þetta hafi verið farið eins og aðra aðila í hlutafjárukningu að fært hafi verið á viðskiptareikninga þar til viðkomandi greiddi hlut sinn og ekki hafi staðið til að þetta stæði lengi á viðskiptareikningum enda hafi verið um eins konar biðfærslu að ræða.

Tryggvi er spurður hvers vegna þessi skuld Jóns Geralds hafi ekki verið innheimt.

Tryggvi segir að það hafi örugglega verið reynt en kveðst ekki muna það sérstaklega.

Fyrir Tryggva er lagður tölvupóstur á milli hans og Jóns Geralds varðandi hlutabréfakaup Jóns Geralds í Baugi hf.

Tryggvi er spurður hvort hann sé í þessu tölvupósti að ganga frá lánveitingu til Jóns Geralds.

Tryggvi segir að þarna sé um að ræða skammtímafærsla og Jón Gerald hafi væntanlega átt að undirrita skuldaviðurkenningu og senda til baka.

Viðbótarspurningar varðandi lánveitingar Baugs til Gaums vegna hlutafjárkaupa Gaums í Baugi í febrúar 2001:

Fram kom hjá Tryggva í yfirheyrslu þann 26. apríl 2005 að krafa Baugs á Gaum að fjárhæð kr. 50.529.987 sem færð var á viðskiptareikning Gaums dags. 13.02. 2001 hafi myndast þegar Gaumur keypti hlutabréf í Baugi að nafnverði kr. 10.000.000 en að markaðsverði kr. 340.529.987. Gaumur greiddi kr. 290.000.000 til Baugs samdægurs en eftir stóðu kr. 50.529.987 sem var ógreitt þegar lögreglan gerði húsleit í starfsstöð Baugs hf. þann 28. ágúst 2002.

Tryggva er nú kynntur síðari hlut úrprentunar á tölvupóstinum sem honum var kynntur hér á undan, póstur dags. 24. janúar 2001 frá Jóni Ásgeiri til Tryggva og Kristínar.

24-01-2001	JAJ til KJ og TJ Subj: With a little help from friends	Tölva TJ: Inbox	<p>Framhald ...</p> <p>Baugur þarf að klára</p> <p>Viðurkenningu á yfirtöku á 50 millis í Gildingu ásamt yfirtöku á þjónustulóð, þá þarf Baugur að taka 41 milljón skuldabréf af Eignarhaldsfélaginu ISP vegna kaupa á hlut F í aukningu þetta á að vera leikur einn að selja. Gaumur greiðir 22 fyrir helgi sem sinn hluta á í F þannig eiga öll mál að vera klár varðandi hlutafjárukningu.</p> <p>Ég veit að þetta kann að fara í pírurnar á sumum en ég tel nauðsynlegt að verja þá hagsmuni að afkoma Baugs sé í lagi sérstaklega eftir síðasta útboð einnig þarf trú markaðarins að vera góð þegar við förum í Arcadia málið. Annars allt gott. Jón Ásgeir</p>
------------	---	-----------------	--

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þeirri yfirtöku á 50 milljónum í Gildingu sem forstjóri Baugs er að leggja fyrir að verði framkvæmd.

Tryggvi segir að þarna sé um að ræða staðfestingu þess sem hann hefur sagt að Gilding hafi ætlað að kaupa hlutabréf í Baugi að markaðsvirði um 50 milljónir vegna hlutafjárukningar sem Gaumur hafi skráð sig fyrir í Baugi.

Tryggvi er spurður hvort þessi áætlun hafi gengið eftir.

Tryggvi segir að þessi póstur séu hugleiðingar forstjóra og eins og vænta mátti að mál myndu þróast á þessum tíma. Tryggvi segir að ekki hafi komið til þess að Gilding eignaðist þessa hluti í Baugi vegna fjárhagsstöðu hjá Gildingu.

Tryggvi er spurður hvaða félag forstjórinn sé að vitna til að Baugur þurfi að taka skuldabréf af – Eignarhaldsfélaginu ISP – vegna kaupa á hlut F í aukningu.

Tryggvi segir póstinn hugleiðingar forstjórans og segir að hugsanlega eigi hann við Fjárfar en kveðst ekki vilja fullyrða neitt um það. Tryggvi segir að þetta uppgjör hafi ekki verið á hans könnu.

Tryggvi er spurður hvort forstjórinn hafi verið að vísa til kaupa Fjárfars ehf. á hlutabréfum úr hlutafjárukningu í Baugi?

Tryggvi segir að ef F standi fyrir Fjárfar sé hugsanlegt að svo sé.

Tryggvi er spurður hvort hann geti skýrt eftirfarandi texta í tölvupósti frá Jóni Ásgeiri:
“Ég veit að þetta kann að fara í pírurnar á sumum en ég tel nauðsynlegt að verja þá hagsmuni að afkoma Baugs sé í lagi sérstaklega eftir síðasta útboð einnig þarf trú markaðarins að vera góð þegar við förum í Arcadia málið.”

Tryggvi segir að hann viti ekki við hverja Jón Ásgeir eigi við í þessu sambandi og segir jafnframt að þessi póstur sé áreiðanlega fyrst og fremst til Kristínar og sendur Tryggva til upplýsingar.

Sérgreining krafna á viðskiptareikningum hluthafa og stjórnenda í ársreikningum Baugs hf. Ætluð brot á lögum um ársreikninga.

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt ákvæði 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, varðandi sérgreiningu lána, trygginga, ábyrgða ofl. til tengdra aðila hlutafélaga svo og 26. gr. reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga ofl. nr. 696, 1996 um sundurgreingar lána, veðsetningar, ábyrgðir, tryggingar ofl. sem veittar hafi verið félagsaðilum eða stjórnendum félags.

Tryggvi segir að honum hafi verið kunnugt um þessi ákvæði.

Tryggvi er spurður hvers vegna lánveitinga til hluthafa og stjórnenda Baugs hf. hafi ekki verið getið í skýringum með ársreikningum félagsins a.m.k. fyrir rekstrarárin 1999, 2000 og 2001.

Tryggvi segir að hann hafi ekki komið að gerð ársreikninga félagsins og því verði að vísa þessu til þeirra. Aðspurður segir Tryggvi að hann eigi hér við endurskoðendur félagsins.

Tryggvi er spurður hvort það hafi verið rætt á meðal stjórnenda Baugs hf. hvort geta ætti krafna á viðskiptareikningum hluthafa og stjórnenda í skýringum með ársreikningunum fyrir ofangreind ár.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess sérstaklega umfram þær hugleiðingar sem hann hefur þegar bent á og komu fram í tölvupósti hans til Jóns Ásgeirs varðandi greiðslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 sem Gaumur fékk vegna NRG.

Tryggvi er spurður hvort endurskoðendur Baugs hf. hafi rætt það við hann eða aðra stjórnendur Baugs hvort tilgreina ætti kröfur á hluthafa og stjórnendur í skýringum með ársreikningunum 1999-2001.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess að þetta hafi verið rætt við hann.

Tryggvi er spurður hvort honum sé kunnugt um að það hafi verið rætt á meðal endurskoðanda Baugs hf. að árita ársreikninga félagsins með fyrirvara vegna krafna félagsins á hluthafa og stjórnendur þess.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um slíkt.

Tryggva er kynnt að fyrir liggja að endurskoðandi Baugs hf., Stefán Hilmarsson, gerði úttekt og skýrslu dags. 17. maí 2002 skv. beiðni stjórnarformanns félagsins sem m.a. fjallaði um viðskipti Baugs hf. við tengda aðila. Skýrsla þessi var kynnt á stjórnarfundum Baugs þann 23. maí 2002. Þar gerir hann grein fyrir kröfum á hendur Gaumi, Kaupþingi, Fjárfari ofl. félagsaðila og stöðu þeirra krafna í lok reikningsársins 1.1. 2001 til 28.2. 2002.

Tryggvi er spurður hvers vegna þessara krafna hafi ekki verið getið í ársreikningum vegna 1.1.2001 – 28.2.2002 þrátt fyrir að stjórnendum og stjórn hafi verið gerð ítarleg grein fyrir stöðunni af hálfu endurskoðanda félagsins m.a. á fyrrgreindum stjórnarfundum þann 23. maí, þegar ársreikningurinn var undirritaður.

Tryggvi kveðst vísa til síns fyrra svars.

Tryggvi er spurður hvort umræða hafi verið um slíka sérgreiningu krafna í ársreikningi á stjórnarfundinum þann 23. maí 2002 eða á öðrum vettvangi stjórnarinnar.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi sjálfur aðhafst eitthvað til þess að gera meðstjórnendum sínum hjá Baugi hf. grein fyrir því að krafna á hluthafa og stjórnendur ætti að geta í skýringum með ársreikningum félagsins.

Tryggvi kveðst vísa til fyrri svara varðandi þetta, sérstaklega póst til Jóns Ágeirs dags. 13. apríl 2002.

Lánveiting til Lindu Jóhannsdóttur, framkvæmdastjóra Dúks hf. frá Dúki hf. að fjárhæð kr. 1.500.000.

Tryggva er tjáð að Linda Jóhannsdóttir, fjármálastjóri Baugs hf. hafi verið framkvæmdastjóri Dúks hf., skv. Hlutafélagaskrá, frá 19. júlí 2001. Skv. því vottorði er Tryggvi prókúruhafi Dúks hf. ásamt Lindu.

Tryggi er spurður hvort hann geti staðfest það.

Tryggvi segir að svo hafi verið.

Tryggva er kynnt að fyrir liggi að Linda hafi fengið lán hjá Dúki hf. þann 17. mars 1999 sem var ógreitt 28. ágúst 2002 en hún var framkvæmdastjóri félagsins frá júlí 2001.

Tryggva er kynnt að Linda hafi, við yfirheyrslu hjá efnahagsbrotadeild, greint frá því að hún hafi gert munnlegan starfssamning um starf hennar hjá Baugi hf. við Tryggva en samkvæmt honum hafi hún átt að njóta bifreiðahlunninda. Tryggvi hafi hins vegar stungið upp á því að hún fengi lán til þess að kaupa eigin bifreið. Hann hafi tekið ákvörðun um að hún tæki lán hjá Dúki hf. til bifreiðakaupa sem hún hafi síðan gert. Lánið var síðan gert upp með því að Baugur keypti bifreiðina af henni þann 29.10. 2002 fyrir kr. 2.000.000.

Tryggvi er spurður hvort þessi frásögn sé rétt hjá Lindu og beðinn að öðru leyti að greina frá ástæðum þess að Linda tók lán hjá Dúki hf. þar sem hún var framkvæmdastjóri.

Tryggvi segir að frásögn Lindu sé rétt. Tryggvi segir að ástæða þess að hann hafi viljað að Linda eignaðist bílinn sjálf sé sú að hann hafi talið að starfsmenn fari almennt betur með bíla ef þeir þurfa sjálfir að standa undir rekstri þeirra og viðhaldi. Þessi regla gilti almennt hjá Baugi vegna þeirra starfsmanna sem höfðu bifreiðahlunnindi hjá Baugi. Ástæða þess að Dúkur veitti lánið var sú að til stóð að Dúkur yrði alhliða fjárfestingar- og fjármálafyrirtæki Baugs og þess vegna hafi Linda síðar orðið framkvæmdastjóri þess félags en hún var fjármálastjóri Baugs á þessum tíma. Tryggvi segir að það hafi verið athuganarleysi að færa ekki lánið yfir á Baug þegar Linda tók við starfi framkvæmdastjóra Dúks og ástæða verið sú að almennt fóru bílalán í gegnum Baug og þaðan í fjármögnunarfyrirtæki og lán Lindu hjá Dúki hafi gleymst. Tryggvi segir að þetta hafi verið leiðrétt þegar mistökin uppgötvuðust.

Tryggvi er spurður hvort honum hafi ekki verið ljóst að sem framkvæmdastjóra hlutafélagsins Dúks hafi Linda ekki haft heimild til að vera skuldari hjá félaginu.

Tryggvi kveðst vísa í sitt fyrr svar.

Tryggva er nú kynnt að rannsóknari hafi lokið formlegri yfirheyrslu.

Tryggvi er spurður hvort hann vilji nú koma á framfæri athugasemdum varðandi þau atriði sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Tryggvi segir svo ekki vera.

Tryggvi les nú yfir framburð sinn.


Trygvi hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasemdum.

Skýrslutöku lauk kl. 14¹⁵


Staðfest rétt eftir haft:


Trygvi Jónsson

Skýrsluna skráði:


Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu,


Andri Arnason hrl.